



Starfsfólk Ráðhússins í Reykjavík brá sér óvænt út undir bert lofti og gærmorgun eftir að vart varð við reyk í borgarráðssalnum á þriðju hæð. Oddvitar meirihluta borgarstjórnar, Viðreisnar, Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna, áttu þar fund klukkan tíu. Slökkvilið og lögregla voru kölluð út er brunaviðvörðunarkerfið fór í gang. Lokað var fyrir umferð nærri ráðhúsinu og voru tveir sjúkrabílar sendir á vettvang til öryggis. Kom í ljós að skammhlaup hafði orðið í rafmagnstöflu í býtibúri. Rafvirkjar lagfærðu töfluna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ríkið greiðir uppsagnarfrest

Stjórnvöld vilja fjármagna að hluta uppsagnarfrest starfsfólks fyrirtækja sem hafa orðið fyrir umtalsverðu tekjufalli. Hlutastarfaleiðin verður framlengd. Bankarnir frysta lán til mögulega meira en eins árs.

EFNAHAGSMÁL Stjórnvöld hyggjast koma til móts við þau fyrirtæki sem hafa orðið fyrir umtalsverðu tekjufalli vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar með því að greiða starfsfólki þeirra laun í uppsagnarfresti að hluta, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Er gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin greini frá áformunum í dag eða á morgun, eftir því sem blaðið kemst næst.

Um leið hyggjast stjórnvöld leggja til að hlutastarfaleiðin svonefnda, sem felst í því að ríkið greiði allt að 75 prósent launa starfsfólks sem lækkar í starfshlutfalli, verði fram-

lengd að einhverju leyti í óbreyttri mynd. Að öðrum kosti fellur úrræðið, sem hátt í fjörutíu þúsund manns hafa þegar nýtt sér, úr gildi í lok maímánaðar.

Ráðherranefnd um efnahagsmál, sem er skipuð forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra, fundaði um málið síðla dags í gær, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Einn helsti tilgangur aðgerðanna, að sögn þeirra sem þekkja til mála, er að koma til móts við þau lífvænlegu fyrirtæki, aðallega í ferða-

» **Tilgangur aðgerðanna er að koma til móts við þau lífvænlegu fyrirtæki, aðallega í ferðaþjónustu, sem geta ekki staðið undir greiðslum til starfsfólks í uppsagnarfresti.**

þjónustu, sem geta ekki staðið undir greiðslum til starfsfólks í uppsagnarfresti og hjálpa þeim þannig að „leggjast í hidi“, eins og einn viðmælandi blaðsins komst að orði.

Haft var eftir Jóhannesi Þór

Skúlasyni, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, um helgina að hratt gengi á lausafé fyrirtækja í atvinnugreininni. Þau myndu nauðsynlega þurfa á aðstoð að halda við að greiða uppsagnarfrest.

Þá er auk þess gert ráð fyrir því að bankar komi til móts við þau fyrirtæki sem verða fyrir tímabundnu tekjufalli vegna faraldursins með því að frysta lán til þeirra á meðan áhrifa hans gætur, mögulega til meira en eins árs. Hingað til hafa fyrirtæki getað sótt um frestun á greiðslum í allt að sex mánuði. – hae, kij

Mörg álitamál geti risið vegna ríkisábyrgðar

EFNAHAGSMÁL Ríkisendurskoðun varar við því að mörg álitamál geti risið vegna framkvæmdar á lánum lánastofnana með 100 prósent ríkisábyrgð. Þetta kemur fram í umsögn stofnunarinnar við frumvarp til fjárukalaga.

Telur stofnunin að með frumvarpinu megi líta svo á að einka- aðilum verði fært opinbert vald í hendur þótt með takmörkunum sé. Huga þurfi að því hvort sú leið sem farin sé í frumvarpinu standist stjórnarskrá. Er þar vísað til matskenndra skilyrða vegna umræddrar lántöku.


Formaður fjárlaganefndar, segir umsögnina gagnlega og að nefndin taki hana alvarlega. – að / sjá síðu 4

Njóttu hækkandi sólar á rúntinum.
Uppáhaldsbíllinn þinn bíður!

HEKLA · Skoðaðu úrvalið á www.hekla.is/vefverslun



Veður



Hægviðri og léttskýjað um mestallt land í dag. Hiti víða 5 til 10 stig yfir daginn. **SJÁ SÍÐU 18**

Umferðin eykst eftir samdrátt

SAMGÖNGUR Umferð á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið að aukast á ný eftir mikinn samdrátt eftir að samkomubann var sett á í mars. Samkvæmt tölum Vegagerðarinnar nemur samdrátturinn milli ára tæpum 20 prósentum. Er það þó töluvert minni samdráttur en í vikunum fyrir páska þegar samdrátturinn milli ára náði 42 prósentum.

Tölur Vegagerðarinnar miða við þrjú svæði, Hafnarfjarðarveg, Reykjanesbraut við Dalveg og Vesturlandsveg ofan Ártúnsbrekku. Samdrátturinn frá því í fyrra er mestur á Hafnarfjarðarvegi, eða 24,5 prósent. Mælist hann rúm 17 prósent á Vesturlandsvegi. Þá var 8,6 prósent minni umferð á Reykjanesbraut í síðustu viku en á sama tímabili í fyrra. – ab

Liðið um Eyjafjörð



Það var vorblær í Eyjafirði eins og víða um helgina og í upphafi viku. Þessir kajakræðarar nutu bliðunnar á firðinum úti fyrir Hjalteyri. Vikuskarðið er í baksýn. Veðurstofan gerir ráð fyrir sól og bliðu þar áfram í dag og á morgun en á fimmtudag er spáð frosti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Dimitris Pantartzidis ber mat í hús í Þessalóníku á Grikklandi. MYND/EPA

Feginn matargjöf í bandi

GRIKKLAND Sjálfboðaliðinn Dimitris Pantartzidis fer á milli húsa í Þessalóníku á Grikklandi og afhendir mat til fólks í sjálfskipaðri einangrun vegna COVID-19 faraldursins.

Antonis tekur glaður á móti

matnum með þar til gerðu bandi, en hann og eiginkona hans eru slæm til heilsunnar og vilja ekki fara út úr húsi. Maturinn er frá markaði í borginni sem breytti starfsemi í eldhús fyrir heimilislausa og þá sem halda sig heima. – ab

Skammast sín fyrir að spila frá sér aleigunni

Verkamaður frá Litháen segir lokun spilakassa vegna COVID-19 hafa opnað augu sín fyrir spilafíkn sinni. Hann óttist að falla í sama farið aftur. Úrræði fyrir útlendinga sem vilji leita aðstoðar vegna spilafíknar skorti á Íslandi.

SAMFÉLAG „Maður upplifir mikla eftirsjá og skömm að spila frá sér aleigunni í hverjum mánuði,“ segir Konstantinas Markovskis, þritugur verkamaður frá Litháen. Konstantinas hefur verið búsettur hérlendis í rúm þrjú ár og starfar hjá járnverksmiðjunni Járnborg ehf.

Eigandi Járnborgar ehf., Árni B. Halldórsson, steig fram í viðtali í Fréttablaði gærdagsins, og lýsti jákvæðri reynslu sinni sem atvinnurekandi af því að spilakassasali hafa verið lokaðir síðan 16. mars vegna kórónaveirufaraldursins. Um byltingu hafi verið að ræða fyrir hluta starfsmanna fyrir-tækisins sem glími við spilafíkn sem hafi eyðileggjandi áhrif á líf þeirra.

Einn af þeim er Konstantinas sem segist vera að átta sig á því að hann hafi frá unga aldri verið veikur fyrir spilum. „Þetta hefur alltaf höfðað til mín. Fyrst voru það kassar í heima-landi mínu sem tóku við smá upphæðum en vandamálið hefur ágerst eftir að ég flutti til Íslands og upphæðirnar eru orðnar hærri,“ segir Konstantinas.

Hann segist spila frá sér öllu sem hann aflar og hafi einnig tekið lán hjá smálánafyrirtækjum til að fjármagna spilamennskuna. Hann segir að of gott aðgengi sé að að kössunum á Íslandi. „Heima í Litháen þarftu að framvísa skilríkjum og fara í sérstök spilavíti til að spila í kössunum. Hér eru engar slíkar hindranir og ég finn að ég er líklegri til að falla í freistni vegna þess,“ segir Konstantinas.

Þá segir hann að einhvers konar takmarkanir á upphæðum sem hægt sé að spila fyrir í hvert skipti



Spilakassasali hafa verið lokaðir síðan 16. mars. Margir upplifa mikinn létti vegna þess. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

● ● Hér eru engar slíkar hindranir og ég finn að ég er líklegri til að falla í freistni vegna þess.

Konstantinas Markovskis

myndu breyta miklu fyrir hann. „Ég missi stjórn á mér og ef sett væri þak á hvað ég get spilað fyrir í hvert skipti þá myndi það breyta miklu.“

Hann segist upplifa mikla vanlíðan vegna spilamennskunnar og að

hann vilji ekkert frekar en að losna úr viðjum hennar. „Það eru engin úrræði í boði fyrir einstaklinga sem ekki tala íslensku. Það finnst mér mikill galli því mín tilfinning er sú að margir útlendingar glími við þetta vandamál,“ segir hann.

Hann segist hafa upplifað mikla velliðan við að vera frjálst undan oki spilafíknarinnar síðustu vikur og að hann hafi ekki leitað annarra leiða til að svala fíkn sinni, til dæmis í gegnum netið. „Nei, ég upplifi ekki sömu spennuna af því eins og við spilakassa,“ segir Konstantinas. bjornth@frettabladid.is

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

HEIMILD: PRENTMIÐLAMÆLING GALLUP OKT-DES 2019, 12-80 ÁRA, ALLT LANDIÐ HAGSTOFA ÍSLANDS, MANNFJÖLDATÖLUR, 2019

FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Ég er kominn heim!



Sófi er ekki bara sófi

Hefurðu ekki lagst í sófa sem smell passaði fullkomlega?

Faðmaði þig og gaf þessa „ég er kominn heim“ tilfinningu?

Hefurðu ekki horft á sófa sem sagði allan tímann við þig „leggstu og slakaðu á“?

Í Vogue fyrir heimilið er mikið úrval af sófum sem smell passa, gefa þessa „ég er kominn heim tilfinningu“ og elska að slaka á með þér.

Komdu og skoðaðu úrvalið af fallegu sófunum okkar.

**Vogue**
FYRIR HEIMILIÐ

Vinnumálastofnun gengur vel að ráða í störf vegna fleiri verkefna

COVID-19 Vel gengur að ráða inn nýtt starfsfólk hjá Vinnumálastofnun en stofnunin fékk 100 milljón króna styrk til að ráða 35 einstaklinga til starfa vegna aukinna verkefna í tengslum við kórónaveirufaraldurinn. Þegar hefur hópur nýrra starfsmanna hafið störf hjá stofnuninni.

Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins til Unnar Sverrisdóttur, forstjóra Vinnumálastofnunar.

„Þessir starfsmenn munu dreifast um stofnunina en þó munu flestir fara til greiðslustofu og í framlínu, það er að taka við umsóknum, svara síma og tölvupósti,“ segir Unnur. Þá segir hún ekki í sjónmáli að ráða fleiri en 35 starfsmenn til stofnunarinnar en að staðan verði tekin að nýju eftir fjóra til fimm mánuði. „Allt hefur breyst á því-líkum ógnarhraða að það er erfitt að segja til um framtíðarhorfur hér hjá okkur,“ segir Unnur.



Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar.

Mikið álag hefur verið á starfsfólki Vinnumálastofnunar en um 53 þúsund manns eru nú á atvinnuleysisbótum. Um 18 þúsund þeirra

eru á almennum atvinnuleysisbótum og yfir 35 þúsund manns hafa sótt um greiðslur vegna skerts starfshlutfalls. Unnur segir að þrátt fyrir mikið álag sé stemningin í stofnuninni góð. „Það eru allir tilbúnir að leggja mikið af mörkum, eiginlega meira en hægt er að ætlast til,“ segir hún.

Þá segir Unnur starfsfólk Vinnumálastofnunar hafa aðgang að vinnusálfræðingi sér að kostnaðarlausu. „Svo erum við með aðgang að

jakkafatajoga og við gáfum gjafabréf á veitingastaði í páskagjöf,“ segir Unnur.

„Við áttum að vera á leiðinni í fræðslu- og árháttíðarferð til Varsjár í lok maí, búið að blása hana af. Við ætlum að fresta árháttíð til haustsins og munum örugglega reyna að hafa hana flotta,“ segir Unnur. Líkt og Fréttablaðið greindi frá á síðasta ári var árháttíð stofnunarinnar einnig frestað í fyrria. Þá vegna falls WOW air. – b dj

Verkfall Eflingar samþykkt á ný

KJARAMÁL Félagsmenn Eflingar sem starfa hjá Kópavogsbæ, Seltjarnarnesbæ, Hveragerðisbæ, Mosfellsbæ og Ölfusi hafa samþykkt að hefja verkfallsaðgerðir að nýju. Hefjast þær að óbreyttu á hádegi 5. maí.



Sólveig Anna Jónsdóttir.

Alls greiddu 89 prósent atkvæði með verkfalli í grunnskólum og 88 prósent á öðrum vinnustöðum.

„Þetta eru magnaðar niðurstöður. Þær sýna ótrúlegt hugrekki, baráttuvilja og samstöðu okkar fólks. Láglaunafólk ætlar að fá viðurkenningu á því að samfélagið kemst ekki af án þeirra. Veirufaraldur eða ekki, Eflingarfólk lætur ekki kúga sig til hlýðni,“ segir Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.

Verkfalli var frestað 25. mars vegna COVID-19 faraldursins. – sar

Landsmönnum fjólgar um 1.870

SAMFÉLAG Landsmönnum fjólgaði um 1.870 manns á fyrsta ársfjórðungi þessa árs samkvæmt Hagstofu Íslands. Hér á landi bjuggu 366.130 í lok mars, 188.040 karlar og 178.090 konur. Langflestir bjuggu á höfuðborgarsvæðinu, eða 234.400 manns.

Á fyrsta ársfjórðungi fæddust 1.080 börn og 620 manns létust. Aðfluttir umfram brottflutta voru 1.410. Flestir aðfluttir íslenskir ríkisborgarar komu frá Danmörku, 180 manns, og flestir erlendir ríkisborgarar frá Póllandi, eða 820 manns. Alls fluttu 2.620 erlendir ríkisborgarar hingað til lands á tímabilinu. Í lok þess voru 13,9 prósent af fólki á Íslandi erlendir ríkisborgarar, eða 50.940 manns. – b dj

Reglur um lán og ríkisábyrgðir þurfi að standast stjórnarskrá

Ríkisendurskoðun varar við því að lánastofnunum verði falið opinbert vald við lánveitingar með ríkisábyrgðum. Sum skilyrðin sé matskennd en ekki hlutlæg. Gæta þurfi að ákvæði stjórnarskrárinnar um fjárfjórðarvald Alþingis. Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar, segir ábendinguna gagnlega.

EFNAHAGSMÁL Ríkisendurskoðun lýsir áhyggjum af álitamálum sem upp gætu komið vegna ríkisábyrgða á lánveitingum lánastofnana til einstaklinga og lögaðila í rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins.

Þetta kemur fram í umsögn Ríkisendurskoðunar við frumvarp til fjárfjórðarvald Alþingis. Af frumvörpum megi lita svo á að opinbert vald verði sett í hendur einkaaðila og óvissuþættir og álitamál sem upp geti komið leiði hugann að því hvort sú leið sem valin hafi verið standist ákvæði stjórnarskrárinnar um fjárfjórðarvald Alþingis.

Vísad er til ákvæðis um þau skilyrði að rekstraráðilar þurfi að uppfylla til að fá lán með 100 prósent ríkisábyrgð. Ekki sé að öllu leyti um hlutlæg skilyrði að ræða heldur séu sum þeirra matskennd; til dæmis hvort ætla megi að rekstraráðili verði rekstrarhæfur þegar bein áhrif heimsfaraldursins og aðgerðir stjórnvalda verði liðin hjá.

„Til umhugsunar er hvort að með þessum hætti sé í reynd verið að fela einkaaðilum að fara með tiltekið opinbert vald, þó með vissum takmörkunum,“ segir í umsögninni og í framhaldinu spurt hvaða rétt það geti skapað hjá umsækjendum sem ekki kynnu að fá lán, og hvort þeir eigi einhvern málskotsrétt, en í umsögninni kemur fram að skilningur að lánastofnun sé skylt að veita lán uppfylli umsækjandi öll skilyrði og að baki því verði 100 prósent ríkisábyrgð.

Varað er við því að við framkvæmdina geti risið mikið af álita-



Lánin eru hluti aðgerða sem kynntar voru af formönnum ríkisstjórnarflokka 21. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Willum Þór Þórsson.

málum og í raun nær útilokað að sjá fyrir öll álitaefni sem komið geti upp. Um mjög óvenjulega ráðstöfun sé að ræða sem leiði hugann að því hvort ákvæðið um ríkisábyrgð og reglurnar um lánveitingar með slíkri ábyrgð uppfylli skilyrði 40. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er bent á að full ríkisábyrgð á lánum sem þessum geti dregið úr ábyrgðar- og

varúðarhegðun sem lánastofnun ber að veita við lánveitingar.

„Þetta fyrirkomulag veldur því að þau skilyrði sem setja á fyrir lánveitingu þurfi að vera hlutlægar en ella og og draga þarf, eins og unnt er úr matskenndum skilyrðum,“ segir í umsögninni.

Lagt er til að fjárlaganefnd skýri þessa þætti í nefndarálitinu sínu og „leiði rök að því að ríkisábyrgð eigi að falla niður komi í ljós að skilyrði fyrir lánveitingu hafi ekki verið uppfyllt en lán veitt af lánastofnun allt að einu.“

Willum Þór Þórsson, formaður fjárlaganefndar, segir umsögn Ríkisendurskoðunar mjög gagnlega og

fullvíst að nefndin taki hana alvarlega. Efnisleg umræða um þennan þátt sé hins vegar ekki hafin í nefndinni. „Þegar brúarlánin voru til umræðu var útgangspunkturinn sá að fyrirtæki fengu ekki lán ef skilyrði væru ekki uppfyllt. Það verður auðvitað að vera skýrt hvaða áhrif það hefur, komi í ljós eftir á að fyrirtæki hafi fengið lán en án þess að uppfylla skilyrðin,“ segir Willum Þór.

Í samningi milli Seðlabanka Íslands og viðskiptabankanna verður nánar kveðið á um skilyrði fyrir ríkisábyrgðum á brúarlán. Þeir samningar liggja ekki fyrir og enn hafa engin brúarlán verið veitt. adalheidur@frettabladid.is

FIAT HÚSBÍLAEIGENDUR ER HÚSBÍLLINN ÞINN KLÁR FYRIR SUMARIÐ?

BJÓÐUM UPP Á SMURÞJÓNUSTU OG LÉTTA ÁSTANDSSKOÐUN FYRIR SUMARIÐ:

- SJÓNSKOÐUN Á BREMSUKERFI OG UNDIRVAGNI
- LJÓS YFIRFARIN
- ÁSTAND HJÓLBARÐA METIÐ OG LOFTÞRÝSTINGUR MÆLDUR
- ÞURRUR OG RÚÐUSPRAUTUR YFIRFARNAR
- ÁSTAND KÆLIKERFIS METIÐ
- HLEDsla RAFKERFIS MÆLD

ALLIR VINNA – ENDURGREIÐSLA Á VSK Á VINNULIÐ AÐ LÁGMARKSUPPHÆÐ 25.000 KR. ÁN VSK.

Eucerin®



ÓMEÐHÖNDLAD

VIKA 2

VIKA 4

VIKA 8

VIRKA EFNID,
THIAMIDOL
ER EINKALEYFIS
VERNDAD



LITABLETTIR? SJÁANLEG MINNKUN OG VARANLEGUR* ÁRANGUR

SJÁANLEGUR ÁRANGUR EFTIR 2 VIKUR

* með reglulegri notkun



Roslyn, ekkja Grants Wagstaff.

Wagstaff-málin frestast áfram

DÓMSMÁL Málum mæðgnanna Roslyn og Söruh Wagstaff gegn Arngrími Jóhannssyni flugstjóra og tryggingafélaginu Sjóvá var, við fyrirtöku í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, frestað til 11. júní.

Þess er nú beðið að matsmenn finnist til að vinna í málinu og að lögmaður Söruh leggi fram spurningar til þeirra sem tengjast flugslýsinu sem varð í Barkárdal í Eyjafirði í ágúst 2015. Eiginmaður Roslyn og faðir Söruh, Grant Wagstaff, forst í slysinu sem varð er Arngrímur hugðist fljúga vélinni frá Akureyri til Keflavíkur. Tvö önnur börn Roslyn hafa einnig lagt fram stefnu en mál þeirra eru skemur á veg komin. –gar

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Segja skilning á Jörðinni bæta skilning á öðrum plánetum

Tveir íslenskir jarðvísindamenn tóku þátt í alþjóðlegri rannsókn sem varpar ljósi á uppruna köfnunarefnis á jörðinni. Betri skilningur á okkar plánetu gefur okkur skilning á öðrum plánetum og hvort þær geti verið lífvænlegar. Önnur leið til að nýta rannsóknina gæti hugsanlega verið á sviði eldsumbrota.

VÍSINDI Jarðvísindamennirnir Sæmundur Ari Halldórsson og Andri Stefánsson tóku þátt í alþjóðlegri rannsókn sem birt var í vísindatímaritinu Nature. Hún varpar nýju ljósi á uppruna köfnunarefnis á jörðinni með því að skoða köfnunarefni sem berst í andrúmsloftið frá jarðhitasvæðum. Köfnunarefni er rúmlega 78 prósent af öllum gastegundum í andrúmsloftinu

„Við vitum að köfnunarefnið í andrúmsloftinu má rekja til gastegunda sem losnuðu í eldgosum í árdaga jarðar en við vitum ekki hvort köfnunarefni sem berst frá jarðhitasvæðum og eldfjöllum í dag sé ættað djúpt úr jörðu eða endurunnit andrúmsloft.“ segir Andri sem er prófessor við jarðvísindadeild Háskóla Íslands.

Aðdragandinn að rannsókninni er ný tækni til að greina köfnunarefni. Í grófum dráttum snýst tæknin um mælingar á því hvernig tvær misþungar samsætur köfnunarefnis – 14N og 15N – dreifast í köfnunarefnissameind (N₂), en nýverið var sýnt fram á að andrúmsloft einkennist af ákveðinni auðgun á 15N15N. Í rannsókninni var sýnt fram á að slík auðgun einkennir hins vegar ekki djúp- eða möttulættað köfnunarefni.

„Allt í einu vorum við komin með þetta stórkostlega tól í hendurnar og því var rakið að nota það til þess að greina jarðhitasýni hér á Íslandi, því hér er nægur útblástur af köfnunarefni,“ segir Sæmundur Ari sem er fræðimaður við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Frumkvæðið að rannsókninni var hjá Kaliforníuháskóla í Los Angeles (UCLA) þar sem þessi nýja tækni var þróuð. Auk Íslendinga og Bandaríkjamanna komu Kanadamenn, Ítalir, Bretar



Andri og Sæmundur Ari tóku nýverið þátt í stórrí, alþjóðlegri rannsókn á köfnunarefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

og Frakkar að rannsókninni. Tekin voru sýni víðs vegar um Ísland.

„Nú náðum við í fyrsta sinn að setja fingrafar á djúpættað köfnunarefni jarðar. Það köfnunarefni sem berst með jarðhita hér á landi er að langmestu leyti endurunnit andrúmsloft en það kemur djúpt að á öðrum svæðum eins og Yellowstone. Jörðin er því enn að losa sig við köfnunarefni sem myndar svo andrúmsloftið,“ segir Andri.

Köfnunarefni gegnir miklu hlutverki í lífhvolfinu og er ein af forsendum þess að líf geti þrífist á jörðu. Að skilja betur okkar eigin plánetu, hvernig andrúmsloftið virkar og hvaðan efnin eru ættuð gefur okkur einnig betri skilning á

Erum við að fá lykilupplýsingar um þetta mikilvæga frumefni sem er ein af frumforsendum lífs á jörðinni.

Sæmundur Ari Halldórsson, jarðvísindamaður

öðrum plánetum. Og stóra spurningin er: Hvað er það sem til þarf til að plánetur geti verið lífvænlegar?

„Með þessari rannsókn erum við að fá lykilupplýsingar um þetta mikilvæga frumefni sem er ein af frumforsendum lífs á jörðinni,“ segir Sæmundur Ari.

Önnur leið til að nýta rannsóknina gæti verið á sviði eldsumbrota, en það eru þó enn aðeins vangaveltur. Hugmyndin er sú að fyrst hægt er að greina á milli köfnunarefnis í andrúmslofti og köfnunarefnis úr möttli, sé hægt að setja upp mæla við virkar gosstöðvar. Ef breyting verður á hlutfalli gæti það verið merki um aðstreymi djúp-ættads köfnunarefnis og að eldgos gæti hafist.

Sæmundur Ari segir að rannsóknunum verði haldið áfram og að Ísland verði sérstaklega tekið fyrir. Tæknin sé ný og spennandi en sé enn á frumstigi og reynslan muni sýna hversu mikilvæg hún verður. kristinnhaukur@frettabladid.is

Málareksturinn seinkar Hvalárvirkjun

ORKUMÁL Úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál hefur nú vísað frá og hafnað þeim tveimur kærnum um vegaframkvæmdir í Ófeigsfirði. Getur Vesturverk því haldið áfram að lagfæra veginn að fyrirhugaðri Hvalárvirkjun í sumar. Enn eru þó kærnumál í kerfinu og skipulagningu ekki lokið.

„Við gætum í raun haldið framkvæmdum áfram en næstu skref eru þau að unnið verður að frekari rannsóknum í vor og sumar ásamt því að áfram er unnið að seinni hluta skipulagsbreytinga vegna Hvalárvirkjunar. Aðrar framkvæmdir, svo sem vegagerð, verða í lágmarki þar til vinna við skipulagsbreytingarnar er lokið,“ segir Birna Lárusdóttir, talsmaður Vesturverks.

Aðspurð um áhrif COVID-19 á framkvæmdina segir hún það í sjálfu sér ekki hafa áhrif á næstu skref, en vitaskuld sé mikil óvissa um allar framkvæmdir og grannt sé fylgst með.

Kærurnar sem snúa að vegagerðinni sjálfri eru ekki þær einu sem í gangi eru. Málarekstur um deiliskipulag stendur yfir. Landsréttur hefur þegar vísað frá máli en einhverjir angar af því eru enn á borði úrskurðarnefndar.

Þá hafa landeigendur í Drangavík höfðað landamerkmál á hendur landeigendum í Engjanesi og Ófeigsfirði. Sú krafa byggir á landamerkmálum frá 1890. Vesturverk er hins vegar ekki aðili að því máli.



Eyvindarfjarðar er á vatnasvæði Hvalárvirkjunar. MYND/TÓMAS GUBBJARTSSON

Það má segja að þetta hafi komið á skásta tíma því við framkvæmum ekki mikið yfir vetrartímamann.

Birna Lárusdóttir, talsmaður Vesturverks

Birna segir að allur þessi málarekstur hafi seinkað framkvæmdum. „Við teljum að til þess hafi nú leikurinn verið gerður. En það má segja að þetta hafi komið á skásta tíma því við framkvæmum ekki mikið yfir vetrartímamann,“ segir hún.

Samkvæmt upprunalegum áætlanum var gert ráð fyrir að virkjunin gæti verið gangsett árið 2024 eða 2025. Birna segir of snemmt að segja hversu mikið virkjunin tefst. Einnig verði að huga að því að Landsnet sé að störfum við skipulagningu flutningskerfis í Ísafjardardjúpi og vilji sé til þess að vinna verkefnið samhliða. –khg

6 DANSGÓLF UNDIR ÞAKI
82 HLJÓMSVEITIR
SAMFELLDUR DANS Í 7 KVÖLD

STÆRSTI DANSVIÐBURÐUR NORDURSINS

SVÍÞJÓÐ, MALUNG, 12.-18. JÚLÍ 2020

Pakkaverð í boði frá 75.700 kr.
Nánari upplýsingar gefur Gunnar í síma: 863 5100

dansbandsveckan.se

I samvinnu við:



BRÁÐUM KEMUR BETRI TÍÐ

**SJÁUM UM VIÐHALD FASTEIGNA
FYRIR HÚSFÉLÖG, EINSTAKLINGA
OG STOFNANIR**

HÁPRÝSTIPVOTTUR

MÚRVIÐGERÐIR

FLÍSALÖGN

MÁLUN

HELLULAGNIR



HJÓL
ATVINNULÍFSINS

Hjól atvinnulífsins ehf. – Alhliða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Símar: 8446829 / 6624514
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

kjörvari STEINVARI

Öld Afríku

Því er spáð að eftir 80 ár verði meira en þriðji hver jarðarbúi frá Afríku. Þrátt fyrir fjölgun og margar áskoranir eykst þar almenn velmegun. Kannanir segja ungt fólk Afríku bjartsýnt á framtíðina.

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is



Þótt dimmir skuggar hvíli yfir Afríku nú vegna veirufaraldurs, bendir margt til félagslegra, efnahagslegra og pólitískra umbóta í Afríku næstu áratugi.

Hafandi verið á jaðri alþjóðamála í árhundruð er líklegt að Afríka taki sér mikilvægara hlutverk í alþjóðamálum og hagkerfi heimsins. Efnahagur og íbúafjöldi Asíu mun líklega ráða fyrri hluta þessarar aldar, en vægi Afríku mun vaxa þegar líða tekur á öldina.

Gríðarleg fjölgun

Sameinuðu þjóðirnar segja íbúa Afríku vera um 1,3 milljarða. Áætlað er að árið 2050 verði fjöldinn kominn í 2,5 milljarða eða fjórðung jarðarbúa. Gangi spár eftir verða íbúar Afríku um 4,3 milljarðar í lok aldar, eða um 39 prósent jarðarbúa.

Til samanburðar eru Asíubúar nú um 4,6 milljarðar og gert er ráð fyrir að þeir verði 5,3 milljarðar árið 2050 en fækki í 4,7 milljarða við aldarlok. Þótt íbúar Asíu séu nú fjórum sinnum fleiri, fæðast nær tvö börn í Afríku fyrir hver þrjú í Asíu.

Íbúum Afríku sunnan Sahara fjölga um 2,7 prósent á ári. Það er rúmlega tvöfaldur vöxtur Suður-Asíu (1,2%) og Rómönsku-Ameríku (0,9%). Það fjölga í Afríku sem nemur öllum íbúum Frakklands annað hvert ár.

Mikill hluti mannfjölgunar Afríku byggir á því sem lýðfræðingar kalla „skriðþunga íbúafjölgunar“. Í Afríku eru það margar konur á barneignaraldri að jafnvel þótt þær tækju ákvörðun um að eiga færri börn yrði fjölgun. Það er ekki einungis fjöldi barna á hverja konu sem ákvarðar fólksfjölgun, heldur einnig fjöldi kvenna á barneignaraldri.

Þessi mikla fólksfjölgun er háð ýmsum breytum. Þannig er til að mynda talið að aukin menntun ungra Afríkubúa, ekki sist stúlkna, sé einhver mikilvægasti áhrifaþáttur á fjölgun í álfunni.

Eðlilega kunna aðrir þættir að haml. Fólksflutningar í þéttbýli, hungur og átök um auðlindir, heimsfaraldrar og loftslagsbreytingar gætu haft hér veruleg áhrif.

Hraður efnahagsvöxtur

Velmegun Afríku hefur almennt aukist síðustu áratugi. Hagvöxtur er víða mikill og fólk býr síður við sára fátækt.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að árlegur vöxtur landsframleiðslu Afríku sunnan Sahara, hafi verið að meðaltali 4,9 prósent á tímabilinu 2000 til 2019. Það er gríðarlegur hagvöxtur.

Mjög metnaðarfullur fríverslunarsamningur, sem nær öll Afríkurríkin hafa undirritað, er líklegur til að styðja við enn frekari vöxt og styrkja atvinnulíf. Sameinuðu þjóðirnar áætla að afnám tolla á flest viðskipti innan álfunnar gætu aukið þjóðarframleiðslu álfunnar um heilt prósentustig.

Risaborgir heims afrískar

Hagvöxtur er oft drifinn áfram af þéttbýlismyndun. Árið 2006 var það ár sem meirihluti jarðarbúa taldist í þéttbýli. Þessi þróun á einnig við um Afríku þar sem þéttbýlismyndun hefur verið hröð og verður enn meiri.

» Í Afríku búa nú um 1,3 milljarðar. Gangi spár Sameinuðu þjóðanna eftir verða íbúar Afríku um 4,3 milljarðar í lok þessarar aldar eða 39 prósent jarðarbúa.

Visindamenn Global Cities Institute við Tækniháskólann í Ontaríó í Kanada, hafa áætlað íbúafjölgun stærstu heimsborga á komandi árum. Um aldamót verði 13 af stærstu borgum heims í Afríku. Eðlilega ætti að setja ýmsa fyrirvara við spár sem þessar, þó þær bendi til breyttrar heimsmyndar.

Vandamál Afríku eru mörg en tækifærin einnig. Fjöldi vinnufærra manna er einnig styrkur álfunnar. Í dag eru í Afríku um 14 prósent jarðarbúa á vinnualdri (þ.e. 20 til 64 ára) og áætlað er að þar verði 26 prósent vinnuafls heimsins árið 2050 og muni hækka í 42 prósent um aldamót.

Þetta mun hafa áhrif á fjárfestingar. Starfsmenn Afríku geta flutt þangað sem fjármagnid er, eða það sem líklega væri, að fjármagnid flytjist til vinnuaflsins og hafi þannig áhrif á velmegun álfunnar.

Erlendir hagsmunir: aukin viðskipti – fleiri sendiráð


Fyrsta stóra bylgja erlendra hagsmuna í Afríku, skall á þegar evrópskir nýlenduherrar 19. aldar skiptu upp landi álfunnar. Önnur bylgja kom með kalda stríðinu, þegar Austrið og Vestrið kepptu um áhrif í nýsjálfstæðum ríkjum. Þriðja bylgjan, sem nú flæðir yfir, er af öðrum toga. Erlend ríki og fyrirtæki sækjast eftir ítökum og áhrifum vegna mikilla náttúruauðlinda og framtíðarmarkaða.

Á árunum 2010 til 2016 voru opnuð yfir 320 sendiráð í Afríku. Tyrkland eitt og sér opnaði 26 sendiráð og á síðasta ári tilkynnti Indland um fyrirhugaða opnum 18 sendiráða. Stærstu sendiráð Svíþjóðar og Danmerkur í heiminum er að finna í Nairóbí í Kenía og í Addis Ababa í Eþíópíu.

Þetta birtist einnig í aukinni hernaðarsamvinnu og -afskiptum. Kína er nú stærsti vopnasali Afríku sunnan Sahara og hefur nú tengsl við 45 Afríkurríki á sviði hernaðar- og varnartækni. Frá árinu 2014 hafa Rússar undirritað 19 hernaðarsamninga við Afríkurríki. Hin efnuðu arabaríki hafa byggt bæki-stöðvar við Norðaustur-Afríku og ráða málaliða frá Afríku. Vesturlönd láta heldur ekki sitt eftir liggja.


Tilfni til bjartsýni

Áskoranir Afríku eru gríðarlega margar. En þrátt fyrir þær telja Afríkubúar almennt ástæðu til bjartsýni. Ýmsar viðhorfskannanir sýna það. Það var til að mynda staðfest í viðamikilli viðtalskönnun fyrirtækisins PSB Research á meðal unglunga í fjórtán Afríkurríkjum sem kynnt var nú í febrúar 2020. Þar segir að 72 prósent ungmenna Afríku séu bjartsýn á fjárhagslega framtíð sína. Og það sem meira er: aðspurð telja 65 prósent þeirra að 21. öldin verði öld Afríku. – Það er gott veginesti.



Brosmyndir grunnskólanemar í Kenía. Aukin menntun ungra Afríkubúa, einkum og sér í lagi stúlkna, er einn mikilvægasti áhrifaþáttur á fjölgun íbúanna í ríkjum Afríku. NORDICPHOTOS/GETTY

20 fjölmennustu borgir heims árið 2100



Heimild: Hoornweg & Pope, Global Cities Institute, 2017.

Afríka ætlar sér stóra hluti í verslun og viðskiptum

Í dag eru einungis 17 prósent af útflutningi Afríkurríkja innan álfunnar, samanborið við viðskipti innan Asíu og Evrópu sem nema 60-70 prósentum. Þessu á að breyta með stofnun sameiginlegs fríverslunarsvæðis fyrir Afríku.

Eftir þriggja ára samningaviðræður var Fríverslunarsamningur Afríku (AfCFTA) undirritaður árið 2018 og tók hann formlegt gildi í fyrra. Gert er ráð fyrir að viðskipti hefjist samkvæmt honum í júlí 2020.

Alls tóku 54 af 55 aðildarríkjum Afríkusambandsins þátt og þegar hafa 30 þeirra fullgilt samninginn. Fríverslunarsamningurinn sem

nær til 1,2 milljarða íbúa Afríku, hefur það markmið að skapa einn markað vöru og þjónustu með frjálsari för fólks og fjárfestinga. Þannig verði viðskipti og sameiginleg fríverslunarsvæðis framþróun.

Að auki skal unnið að sérsamningi um vegabréfsáritanir innan Afríku og gerð sameiginlegs vegabréfs fyrir íbúa Afríku.

Sameinuðu þjóðirnar telja samninginn drifkraft vaxtar innan Afríku. Afnám tolla á viðskipti innan álfunnar gætu aukið þjóðarframleiðslu álfunnar um prósentustig. Með útflutningi til nágrennalandna geti afrísk fyrirtæki enn betur sérhæft sig og

þannig orðið samkeppnishæfari á alþjóðamarkaði.

„Það sem mestu skiptir er að fríverslunarsamningur um Afríku sýni sameiginlegan vilja til samvinnu,“ sagði Amina J. Mohammed, aðstoðarframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, þegar hún ávarpaði aukafund Afríkusambandsins á síðasta ári.

„Afríkubúar ættu að vera sérstaklega stoltir yfir að ná þessu samkomulagi á tímum vaxandi verndarstefnu og spennu í heimsviðskiptum sem ógna efnahagslegum stöðugleika og framförum um heim allan,“ sagði hún.

Beltone **Amaze**™

Mætti ég biðja um hljóð?



Fátt gleður eins mikið og að fá eitthvað til baka sem maður hefur misst. Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Amaze**™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Hvernig væri að kveðja sér hljóðs og leggja við hlustir með Beltone **Amaze**™? Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Dökk mynd



Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Sviðsmyndirnar um áhrif COVID-19 faraldursins á hagkerfið verða sífellt dekkri. Viðskiptaráð spár þannig tæplega þrettán prósent samdrætti í landsframleiðslu á árinu miðað við ákveðnar grunnforsendur. Til að setja það í samhengi er hægt að ríffa upp að samdrátturinn árið 2009 var tæp sjö prósent. Rætist spáin sem Viðskiptaráð segir mjög dökka en raunsæja þýðir það 379 milljarða samdrátt í landsframleiðslu milli ára.

Þetta er í takt við orð sviðsstjóra hjá Deloitte í Fréttablaðinu á dögunum en hann sagði að aðgerðir stjórnvalda þyrftu að taka mið af því að niðursveiflan verði meiri en svartsýnustu spár bentu þá til. Ljóst er að margir urðu fyrir vonbrigðum með annan aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar sem kynntur var í síðustu viku. Þar hafi vantað mjög margt enda er óskalistinn afar langur.

Stjórnvöld hafa reynt að draga úr væntingum og segja að það verði aldrei hægt að bjarga öllum fyrirtækjum. Hér þarf að tala skýrt því óraunhæfar væntingar um björgunaraðgerðir geta verið skadlegar. Verkefnið sem er fram undan er hvorki einfalt né ófundsvært. Mikilvægast er að framkvæmdin og reglurnar séu gagnsæjar og eins sanngjarnar og raunhæft er.

Það hefur legið fyrir allt frá upphafi þessa ástands að stjórnvöld myndu stöðugt þurfa að endurmeta stöðuna og aðgerðir sínar. Eins og greint er frá í blaði dagsins virðist ríkisstjórnin ætla að hlusta á einhverjar af gagnrýnisröddunum og kynna frekari aðgerðir. Það eru nefndir hlutir eins og að ríkið greiði hluta af launum á uppsagnarfresti, framlenging hlutabótaleiðar og frýsting á lánnum til fyrirtækja. Slíkar aðgerðir geta ekki síst nýst fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem voru í góðum rekstri fram að faraldri.

Það stefnir því í að útgjöld ríkissjóðs aukist enn meira en orðið er. Um miðjan mars talaði fjármálaráðherra á þá leið að halli ríkissjóðs á yfirstandandi ári gæti orðið um hundrað milljarða króna. Nú, sex vikum síðar, er rætt um að hallinn gæti orðið allt að 250 til 300 milljarðar. Þetta er til marks um það hversu hratt hlutirnir breytast og við hvað aðstæður verði er að taka stórar ákvarðanir. Þá er auðvitað enn ósvarað þeirri risastóru spurningu hvað ríkið eigi að gera vegna vanda Ícelandair.

Þótt staða ríkissjóðs hafi blessunarlega verið góð þegar þessar efnahagslegu hamfarir skulu á er ekki hægt að auka hallann endalaust. Einnhvers staðar liggja þau mörk. Sveitarfélögin hafa heldur ekki farið varhluta af ástandinu og vænta þau aðgerða til að mæta sínum vanda. Ríki og sveitarfélög veita almenningi margvíslega grunnþjónustu sem mikilvægt er að verja. Reikningurinn fyrir endurreisn efnahagslífsins má ekki lenda á almenningi.



Þótt staða ríkissjóðs hafi blessunarlega verið góð þegar þessar efnahagslegu hamfarir skulu á er ekki hægt að auka hallann endalaust.

Halldór



Frá degi til dags

Eldur og brennisteinn
Tveir brunabílar og bílalest af löggubílum brunuðu niður í Ráðhús Reykjavíkur í morgun eftir að brunavarnarkerfið fór í gang. Engin hættu var á ferð sem betur fer. Í gangi var fyrsti fundur oddvita borgarstjórnarflokkanna eftir samkomubann. Starfshópur var skipaður til að draga lærdóm af atvikinu. Samkvæmt heimildum verður fyrsta verkefnið að taka brunavarnarkerfið úr sambandi alltaf þegar Vigdís Hauksdóttir fer að spúa eldi og brennisteini.

Ícelandaeroflot
Í ljósi þeirrar stöðu sem upp er komin er óumflýjanlegt að íslenska ríkið þjóðnýti Ícelandair. Ísland er eyriki og ómögulegt annað en að halda úti flugsamgöngum við heiminn. Vítaskuld ber að nýta þetta tækifæri til þess að betra þjóðina. Það er heilbrigði þjóð ekki sæmandi að liggja eins og skötur í fjörunni á Tene eða ráfa milli tiskubúða í Glasgow með sjóðheitt kreditkort. Nei, gjaldeyrinn ber að nýta betur. Hjá nýju flugfélagi alþýðunnar verður aðeins búið upp ferðir til að mennta og göfga, svo sem skiðagönguferð til Björgvina í Noregi, ljóðaráðstefnu til heiðurs Boris Pasternak í Moskvu og skemmtiferð á Ullarvikuna á Hjaltlandseyjum.
arib@frettabladid.is
kristinnhaukur@frettabladid.is

Álagið léttvægt fundið



Guðjón S. Brjánsón
Þingmaður
Samfylkingarinnar

Starfsfólk í heilbrigðisþjónustu hefur verið undir miklu álagi undanfarnar vikur vegna hins ágenga COVID-faraldurs. Mestur viðbúnaður, úrræði og skipulag hefur verið á Landspítala og starfsfólkið hefur unnið sig í gegnum verkefnið af fagmennsku og ósérhlífni svo aðdáun vekur.

Í vendum er álagsuppbót á laun starfsfólks í heilbrigðisþjónustu en er því miður skorin mjög við nögl og virðist léttvægt. Flestir en ekki fáir útvaldir af þeim sem komið hafa við sögu í faraldrinum á sjúkrahúsum í heilsugæslu, á hjúkrunarheimilum, í heimaþjónustu og sjúkraflutningum verðskulda álagsgreiðslu.

Mörgum þykir kannski stutt hlé á umræðu um fjárhagslegt selti heilbrigðisstofnana vera kærkomið. Fjármögnun þjónustunnar, skilgreining forgangsverkefna er hins vegar umræða sem vikur ekki frá okkur og verður æ ágengari. Við í Samfylkingunni höfum þrífaldlega bent á nauðsyn aukins gegnsæis, kerfisbreytinga og kostnaðargreininga. Faraldurinn hefur sett allar rekstraráætlanir úr skorðum, bæði hvað varðar sjúkrasvið og heilsugæslusvið stofnana.

Í síðasta aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir fjárhagslegri fyrirgreiðslu til heilbrigðisstofnana vegna faraldursins, það eru vonbrigði. Ráðherra hefur sagt að það komi peningar seinna en það er einfaldlega ekki boðleg úrlausn því vandi þeirra allra er bráður.

Það liggur í augum uppi að ekki er hægt að miða fjárlög og fjárveitingar til heilbrigðisstofnana við það ástand sem ríkt hefur að undanförnu. Hins vegar ætti ráðherra að hafa það sem algjört forgangsverkefni að skilgreina betur hlutverk heilbrigðisstofnana í landinu almennt, beita sér fyrir gegnsæju fyrirkomulagi og tryggja þeim heilbriggt rekstrarumhverfi. Á þessu hafa verið alvarlegar brotalamir.

Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu hefur verið endurskipulögð og hluti hennar færður í einkarekstur. Öll þjónusta sem þar er veitt hefur því verið verðmerkt gagnstætt því sem í meginatriðum tíðkast hjá ríkisreknum heilbrigðisstofnunum. Ef hægt er að verðleggja þjónustuna í einkarekstri í smæstu atriðum, þá er það ekki síður hægt í hinum opinbera geira og jafnvel enn brýnna.



Faraldurinn hefur sett allar rekstraráætlanir úr skorðum, bæði hvað varðar sjúkrasvið og heilsugæslusvið stofnana.

weber **Heitustu grillin!**

Summit® E-470
Verð: 406.500 kr.

weber.is

Virðing í samskiptum – forvörn gegn álagi og streitu



Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir
sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðisviði



Aldís Arna Tryggvadóttir
vottaður markþjálfari



Ólafur Þór Ævarsson
geðlæknir

Hamingjuna þráum við öll, en hver er lykillinn að henni? Flestir telja fé og frægt vera svarið við því að öðlast hamingju en samkvæmt rannsóknum er hvorugt rétt. Mest hamingja felst í því að eiga í innihaldsríkum samskiptum þar sem virðing, vinsemi og traust er í forgrunni. Fjöldi vina eykur ekki endilega hamingjuna heldur gæði þeirra samskipta sem við eigum við samferðamenn okkar (A).

Virðing hvert fyrir öðru er talin undirstaða þess að hafa tók á tilverunni í lífi og starfi. Þeir einstaklingar sem tileinka sér slíkt samskiptamynstur frá unga aldri eru taldir ná lengra í lífinu en aðrir og njóta betur eftirsóknarverðra lífsgæða (B). Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að samskiptahæfni stuðli að meiri vellíðan og velgengni í lífinu en fræðileg þekking (C). Einstaklingar sem búa yfir góðri samskiptahæfni eru eftirsóttir vinir og samstarfsmenn. Brýnt er að efla samskiptahæfni af því að hún er afar mikilvæg þegar kemur að samstarfi og tengslum í fjölskyldu, vinnu og í starfi. Félagleg samskipti hafa áhrif á hamingju og heilbrigði og við þroskumst með þeim.

Samskiptatækni hefur breyst í árána rás og vettvangur samskipta er ýmiss konar, í ræðu, riti og með samskiptaforritum hvers konar. Ávallt eru gerðar kröfur um gagnkvæma virðingu.

Erfið samskipti geta haft neikvæð áhrif á félagslega, líkamlega og tilfinningalega heilsu sem kemur þá niður á starfi og einkalífi. Að virða ekki skóðanir annarra, hlusta ekki, hæðast að, vera óvæginn og ósanngjarn telst vera óvirðing við þá sem fá þannig viðmót. Óvirðing í samskiptum getur valdið mikilli streitu, álagi og vanlíðan sem rannsóknir hafa sýnt fram á að veiki félagslega heilsu einstaklinga (D). Eitt hlutverk heilans er að tengja fólk saman með beinum og óbeinum samskiptum. Við heilsubrest sem getur fylgt kulnun eða sjúklegri streitu minnkar geta heilans til að gegna félagslegu hlutverki sínu og um leið minnkar samskiptahæfni okkar. Í alvarlegustu tilfellum mætti tala um „tímabundna heilabilun“. Ágískanir, misskilningur og ágreiningur er á næsta leiti. Vandinn eykst. Þá er þekkt að langvinn streita getur haft mikil áhrif á líkamlega heilsu og þá getur dregið úr sjálfstrausti þannig að viðkomandi fer að efast um eigið gildi, sjálfmynd brotnar, hugsanamynstur verður neikvætt og hegðunarbreytingar koma fram með skapsveiflum og félagslegri einangrun sem er alvarlegt



Enginn veit hvað í annars brjosti býr. Fólk er mismunandi og framkoma þess einnig. Það sem við gefum frá okkur kemur yfirleitt til baka í svipaðri mynd.

samfélagslegt vandamál. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin telur einmanaleika vera mikla ógn við heilsufar manna (E).

Jafnvægi – vellíðan

Við berum öll ábyrgð á að stuðla að vönduðum samskiptum með virðingu og vinsemi í huga. En hvað er æskileg samskiptahegðun?

Máli skiptir að vera þakklátur litrófi mannlífsins og virða skóðanir annarra þótt þær séu ólíkar okkar eigin. Þegar mismunandi sjónarmið fá áheyrn gefst tækifæri til að læra og þroskast á nýjan hátt. Þeir sem tileinka sér umburðarlyndi og að leita þess góða í fari annarra eiga jafnan innihaldsríkari samskipti og hamingjuríkara líf (F).

Mikilvægt er að skapa traust og það má gera á margan hátt. Að sýna áhuga á hugðarefnum annarra hefur þýðingu í að styrkja tengsl og byggja upp góð samskipti. Heiðarleg og hreinskilin tjáskipti eru ákjósanlegust þar sem skilaboð eru skýr og hlustun virk. Að hlusta án þess að dæma. Hvað er viðmælandinn raunverulega að segja, hvað segir líkamstjening og hvaða skilaboð liggja „í loftinu“? Viðkomandi endurtekur þegar við á það sem viðmælandinn er að tjá og gefur tilfinningum þess og líðan nafn. Hróf og viðurkenning fyrir vel unnin störf eða góða eiginleika skiptir alla máli óháð aldri. Ákjósanlegt er að láta vita af því sem vel er gert og gagnrýna á uppbyggilegan hátt. Slík framkoma leiðir til þess að viðkomandi upplifir umhyggju, öryggi og traust. Með góðum samskiptum má ætla að komast megi að lausnum sem sátta ríkir um.

Enginn veit hvað í annars brjosti býr. Fólk er mismunandi og framkoma þess einnig. Það sem við gefum frá okkur kemur yfirleitt til baka í svipaðri mynd. Tileinkaðu þér jákvætt viðhorf gagnvart samferðamönnum þínum og bjartsýni í samskiptum, líkt og skáldið Kristján frá Djúpálæk orti forðum: „Þú rækta rósið vona, í reit þins hjarta skalt. Og búast við því besta, þótt blási kalt.“

Í vönduðum samskiptum felst einnig að sýna tillitsemi í orðum sem og framkomu. Kurteisi og jákvæð orðræða leiðir til aukinnar sjálfsvirðingar og vellíðunar. Það er gefandi að upplifa hvernig eigin framkoma getur haft jákvæð áhrif á líf og líðan annars fólks. Þegar fólk gefur af sér til annarra, er það um leið að næra sjálf sig.

Lokaorð

Öllum er mikilvægt að þeim sé mætt af virðingu með vinsemi og skilningi. Í samskiptum geta falist álagsþættir sem má milda með vönduðum samskiptum. Höfum fallega og uppbyggilega nærveru sem kallar fram það besta í fólki. Leyfum manni að vera manns gaman. Veitum öðrum stuðning á erfiðum tímum og hlustum með opnum huga. Góð og gefandi samskipti eru lykillinn að jafnvægi, vellíðan og velgengni – hinum sönnu lífsgæðum. Fólk mun gleyma orðum okkar og gjörðum en það mun aldrei gleyma hvernig því leið í návist okkar.

Bjart fram undan í nýsköpun á Íslandi



Finnur Oddsson
forstjóri Origo



Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri hjá Marel



Hilmar Veigar Pétursson
forstjóri CCP



Jón Sigurðsson
forstjóri Össurar

Með endugreiðslum á útgjöldum fyrirtækja til rannsókna og þróunar er hvatt til fjárfestingar í nýsköpun. Sú fjárfesting er hagkvæm fyrir þjóðarþúið í heild sinni þar sem hún skapar sérfræði- og þekkingarstörf og leiðir til verðmætasköpunar. Sú hækkun sem boðuð hefur verið hvetur þannig til fjárfestinga í arðsömum verkefnum og þar með fyrirtæki til að halda starfsfólki í vinnu á tímum samdráttar. Hafa ber í huga að meirihluti kostnaðar vegna rannsókna- og þróunar eru laun sérfræðinga.

Marel, Össur, CCP og Origo eru gjörólík en eiga það sameiginlegt að hafa verið byggð upp á hugviti, sem er jafnframt þeirra helsta auðlind. Aðgerðir stjórnvalda nú skapa rétta hvata og auka líkurnar á því að hér á landi byggist upp fleiri burðug hugverkfyrirtæki, með tilheyrandi fjölgun starfa og verðmætasköpun.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru fjárfesting í fólki, hugviti og þekkingu og öflug virkjun á sköpunarkrafti Íslendinga sem hefur svo oft reynst vel á erfiðum tímum. Aðgerðirnar mynda munu leiða til nýrra verkefna á Íslandi, nýrra fyrirtækja, nýrra starfa, aukinnar fjárfestingar og meiri gjaldeyrstekna til framtíðar. Það er því bjart fram undan í nýsköpun á Íslandi. Um það erum við sannfærð.



Aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru fjárfesting í fólki, hugviti og þekkingu og öflug virkjun á sköpunarkrafti Íslendinga sem hefur svo oft reynst vel á erfiðum tímum.

má segja að hækkun þaks á endurgreiðslur vegna rannsókna- og þróunar, ásamt hækkun hlutfalls endurgreiðslu, sé vísur að því, að því glerþaki sem hefur verið á nýsköpun verði lyft. Hvetjum við stjórnvöld og Alþingi til enn frekari dáða í þessum efnum.

FRAMHALDSFUNDUR
ICELAND SEAFOOD INTERNATIONAL HF.



Verður haldinn þann 19. maí 2020 kl. 8.30 í höfuðstöðvum félagsins að Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík

DAGSKRÁ FUNDARINS:

1. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á árinu 2019
Lagt er til að enginn arður verði greiddur vegna ársins 2019 og að hagnaður ársins 2019 leggjist við eigið fé félagsins
2. Önnur mál.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða með tölvupósti á netfangið agm@icelandseafood.com í síðasta lagi kl. 16:00 hinn 9. maí nk.

Á framhaldsaðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé. Hluthafar þurfa að vera skráðir í hlutaskrá félagsins við lok dags 18. maí nk. til að eiga þess kost að greiða atkvæði á fundinum. Atkvæði verða einungis greidd skriflega á fundinum ef farið verður fram á slíkt. Hluthafar geta greitt atkvæði fyrir fundinn eða látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd.

Þeir hluthafar sem hyggjast greiða atkvæði skriflega fyrir fundinn geta nálgast atkvæðaseðla á heimasíðu félagsins. Undirritaðir, dagsettir og vottaðir atkvæðaseðlar skulu hafa borist félaginu á skrifstofu þess eða á netfangið agm@icelandseafood.com að minnsta kosti þremur klukkustundum fyrir fundinn svo þeir teljist lögmætir. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð, undirritað, dagsett og vottað. Hægt er að senda rafræn umboð á netfangið agm@icelandseafood.com og skulu þau berast að minnsta kosti þremur klukkustundum fyrir fundinn. Form að umboði má nálgast á heimasíðu félagsins.

Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins, þ.á m. skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund og tillögur, eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins;
<http://www.icelandseafood.com/Investors>

Örlítið um hjúkrun og hjúkrunarstjórnun



Helga Bragadóttir
forstöðumaður
fræðasviðs
í hjúkrunar-
stjórnun, HÍ og
Landspítala

Hjúkrunarfræðingar gegna lykilhlutverki í heilbrigðisþjónustu alls staðar í heiminum. Þetta undirstrika innlendar og alþjóðlegar skýrslur sem er ætlað að brýna ráðamenn þjóða til aðgerða til að styrkja hjúkrun í löndum heims (sjá skýrslu heilbrigðisráðuneytisins Tillögur til fjölgunar útskrifaðra hjúkrunarfræðinga og skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunar The State of the World's Nursing 2020, báðar gefnar út í apríl 2020). Hlutverk hjúkrunarfræðinga er að sinna sjúkum og heilum einstaklingum, meta heilsu þeirra og getu til að mæta eigin þörfum og aðstoða þá við að viðhalda eða ná bestu heilsu eða fríðsælum dauðdaga.

Hjúkrunarfræðingar rækja hlutverk sitt með mati og greiningu á hjúkrunarþörfum einstaklinga og með því að aðstoða þá við athafnir daglegs lífs ef þeir eru ófærir um að sinna þeim hjálparlaust. Með hjúkrunarþörfum er átt við að einstaklingur þurfi hjálp við að anda, nærast, skilja út þvag og hægðir, hvílast, hreyfa sig, sinna hreinlæti sínu svo sem böðun og munnhirðu og sinna sálfélagslegum og vitsmunalegum þáttum lífs síns. Í þessum tilgangi gera hjúkrunarfræðingar hjúkrunargreiningar (sem að nokkru má líkja við sjúkdömsgreiningar lækna) og leggja upp áætlanir um hjúkrunar meðferðir sem þeir síðan framkvæma ásamt samstarfsfólki sínu í hjúkrun. Hlutverk hjúkrunarfræðinga felst einnig í að vakta ástand sjúklinga og samhæfa þverfaglega þjónustu við einstaka sjúklinga og sjúklingahópa.

Hjúkrunardeildarstjórar svo sem á sjúkrahúsdeildum, bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á deildum (t.d. hjartadeild, smitsjúkdómadeild, krabbameinslækningadeild o.fl.) þar sem hópur sjúklinga þiggur þjónustu. Hver deild er gjarnan á við miðlungs eða stórt fyrirtæki þar sem hjúkrunardeildarstjóri sér um daglegan rekstur meðan aðrir hjúkrunarfræðingar sjá um að samhæfa hjúkrun og þjónustu við afmarkaða hópa sjúklinga innan deildarinnar.

Í ljósi aðstæðna þessa dagana kann það að líta kaldhæðnislega út að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) skuli hafa tileinkað árið 2020 hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum, árið sem hófst með einum skæðasta veirufaraldri sem geislað hefur í meira en 100 ár. Kórónaveirufaraldurinn sem nú herjar á heimsbyggðina og sér ekki fyrir endann á varpar ljósi á mikilvægi heilbrigðisstétta og þeirra hlutverki í velferð einstakra þjóða og heimsins alls og þar skipa hjúkrunarfræðingar stærsta hópinn.



Ástæða þess að WHO tileinkaði árið hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum er að 12. maí nk. verða liðin 200 ár frá fæðingu Florence Nightingale, hjúkrunarfræðings sem lagði grunn að nútíma hjúkrun og nútíma starfsháttum í heilbrigðisþjónustu þar sem niðurstöður vísindarannsókna og besta þekking liggja til grundvallar veittri þjónustu. Florence Nightingale var vel menntuð og mikilsvirtur hjúkrunarfræðingur, rannsakandi, stjórnandi og leiðtogi. Í skrifum sínum og störfum lýsti hún hlutverki og störfum hjúkrunarfræðinga við að greina þarfir sjúklinga og við að leggja upp áætlanir um það hvernig hjálpa á sjúklingum að mæta þessum þörfum og að sjá til þess að áætlunum sé framfylgt á sem skilvirkastan hátt. Enn þann dag í dag eru þessi verkefni kjarninn í faglegri hjúkrun.

Í daglegum störfum mínum sem prófessor og forstöðumaður fræðasviðs í hjúkrunarstjórnun vísa ég oft til orða og aðferða Nightingale því þau eiga enn við í dag þrátt fyrir breytt þjóðfélagsmyndur, gífurlega þróun í þekkingu á öllum sviðum og byltingu í tækni. Mín vinna snýst um hjúkrunarstjórnun, sérsvið innan hjúkrunar og Nightingale lagði grunninn að stjórnun og forystu í hjúkrun ekki síður en beinni aðhlyningu sjúklinga. Megin viðfangsefni hjúkrunarstjórnunar innan hjúkrunarfræðinnar er nefnilega að sjá til þess að samþætta þarfir sjúklinga, hjúkrun þeirra og tryggja aðföng með hag sjúklinga, starfsmanna í hjúkrun og heilbrigðiskerfisins alls að leiðarljósi.

Hjúkrunarfræðingar hafa skyldum að gegna við almenning burtséð frá stöðu eða bakgrunni sjúklinga



Með greinarstúfi þessum vildi ég varpa ljósi á það mikilvæga en í mörgum tilvikum hljóðláta og jafnvel ósýnilega starf sem hjúkrunarfræðingar vinna og mikilvægi hjúkrunarstjórnunar í allri heilbrigðisþjónustu.

Hjúkrunarfræðingar vinna á grunni faglegra gilda og þekkingar og þeir stuðla að og leiða rannsóknir og hagnýtingu bestu þekkingar í hjúkrun á hverjum tíma og í störfum sínum bera þeir ábyrgð gagnvart umhverfinu, sjúklingum og fjármunum og öðrum auðlindum. Hjúkrunarfræðingar vinna í samstarfi við aðrar heilbrigðisstéttir og bera ábyrgð á og stýra þeim hluta þjónustunnar sem lýtur að hjúkrunar meðferðum. Í íslenski reglugerð um menntun, réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga er kveðið á um ábyrgð hjúkrunarfræðinga á þeim forvörnum, ráðgjöf, hjúkrunarfræðilegri greiningu og meðferð sem þeir veita (Reglugerð um menntun, réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga nr. 512/2013 8. gr.). Hjúkrunarfræðileg nálgun leitast við að taka tillit til allra þátta sem hafa með heilsu og velferð sjúklings að gera og með hjúkrunarfræðilegri nálgun horfa hjúkrunarfræðingar á heildarmyndina hvort sem um einstakan sjúkling er að ræða eða hóp sjúklinga, staðbundið sem hnatttrént.

Rannsóknir hérlendis og annars staðar sýna að hjúkrunarfræðingum eru verkefni sín og ábyrgð vel ljós en jafnframt að þeir mæta gjarnan hindrunum í vinnuum-

hverfi sínu og þeirri umgjörð sem hjúkrun er sköpuð. Hindranirnar felast gjarnan í vinnuáðstæðum þar sem húsnæði, aðföng, tækni, búnaður, upplýsingar og menning kemur í veg fyrir að hjúkrunarfræðingar nýti þekkingu sína og færni til fullnustu. Rannsóknir innan hjúkrunarstjórnunar staðfesta að hindranir í vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga skerða gæði þjónustunnar og ógna þar með öryggi sjúklinga. Þær sýna jafnframt að það er alþjóðlegt viðfangsefni að finna leiðir til úrbóta sem ryðja hindrunum úr vegi eða að minnsta kosti lágmarka þær. Nú í miðjum kórónaveirufaraldri, á ári hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, er mikilvæga en nokkru sinni fyrr að gera sér grein fyrir og viðurkenna hlutverk hjúkrunarfræðinga og þeirra framlag til heilbrigðisþjónustunnar á öllum stigum.

Með greinarstúfi þessum vildi ég varpa ljósi á það mikilvæga en í mörgum tilvikum hljóðláta og jafnvel ósýnilega starf sem hjúkrunarfræðingar vinna og mikilvægi hjúkrunarstjórnunar í allri heilbrigðisþjónustu. Rétt eins og störf lækna og annarra heilbrigðisstétta sem starfa við grunnheilbrigðisþjónustu byggja störf hjúkrunarfræðinga á vísindalegri þekkingu, þeir eru fagmenn og hlutverk þeirra skiptir sköpum fyrir velferð okkar allra.

Að festast í faðmi öryggisins



Geir Finnsson
varaborgar-
fulltrúi Við-
reisnar

Nú þegar rauðar stormviðvaranir hætta að hrella okkur á þriggja daga fresti, sólin er farin að setjast eftir kvöldmat og hæsta punkti COVID-19 kúrfunar virðist vera náð, er vert að hafa í huga að þetta fordæmalaus ástand er aðeins tímabundið. Það er hamlandi meðan á því stendur en sem betur fer sér fyrir endann á því.

Þegar blásið hefur verið til viðtækra og krefjandi aðgerða til að tryggja stórum hópi fólks öryggi, er ekki ósennilegt að vissrar tregðu

gæti til að hleypa sama hópi úr því skjóli. Þess vegna er mikilvægt að skarpar línur séu dregnar í þeim efnum og að neyðarúrræðum verði aflétt með skýrum hætti á tímabundi sem staðið verður við. Annars er hættu á að við festumst í faðmi öryggisins. Heilbrigðisfyrirvöld eiga mikið hrós skilið fyrir að gera strax ráð fyrir að aðgerðir í þágu sóttvarna taki enda og undirbúa afkostgæfni hvernig og hvenær aflétta eigi þeim hömlum. Þau viðbrögð eru ekki sjálfgefin.

Fölsk tækifæri, í nafni öryggis
Það er ekki að ástæðulausu að samkomubann, lokun landamæra og aðrar álíka takmarkanir séu tímabundin neyðarúrræði. Allar hörmungar fela þá í sér sóknarfæri fyrir misvittra menn. Boðberar einangrunar og ótta gripa hvert tækifæri sem gefst til að næra stað-



Samfélög þrífast nefnilega ekki til lengdar í einangrun og fjarlægð, heldur aðeins þegar þau fá að vera frjálslýnd og opin.

festingartilhneigingu sína og boða fagnaðarerindið um „öruggara“ samfélög.

Nú hafa þeir sem óttast útlendinga og sjá þeim flest til foráttu, fengið byr í seglin þar sem veiran er vissulega upprunnin í útlöndum. Aðrir kappkosta að forða okkur frá hverju því sem reynist erlent og koma þannig hagsmunaaðilum frá erfðri en holtri samkeppni. Enn aðrir nýta tækifærið og skammast

út í almenningssamgöngur, göngugötur í miðbæ Reykjavíkur og hvað eina annað sem hvetur fólk til að koma saman, á kostnað dreifðrar byggðar og einkabíls. Í nafni öryggis.

Heilbrigð samfélög eru opin og frjáls

Neyðarúrræði á borð við þau sem gripið hefur verið til hér á landi og víðs vegar um heim eiga eingöngu við þegar aðstæður eru jafn öfgakenndar og nú. Heimsbyggðin á varla annarra kosta vól. Að sama skapi mega þau ekki vera viðvarandi þar sem þau geta valdið – og eru þegar farin að valda – gríðarlegum efnahags- og samfélagslegum skaða. Forsenda þess að samfélög nái að vaxa og dafna er fölglin í frjálslýndum og heilbrigðum mannlegum samskiptum. Hvers kyns einangrun, íþyngjandi hömlur og höft

hafa tilhneigingu til að afvegaleiða samfélög, líka hér heima. Því má ekki gleyma þegar við einbeitum okkur að því að komast undan þessum tímabundnu takmörkunum sem við höfum nauðsynlega þurft að setja okkur.


Beita hefur þurft erfiðum aðgerðum sem koma í veg fyrir að veiran nái meiri útbreiðslu hér á landi. Það er vel, en þær aðgerðir eru neyðarúrræði og mega því ekki, eðli málsins samkvæmt, taka lengri tíma en nauðsyn krefur. Ymsir munu reyna að nýta sér faraldurinn til að ná fram sínum sjónarmíðum um áframhaldandi lokun, hvort sem það er vegna sérhagsmuna, eða einfaldlega ótta, en við græðum ekkert á því að fylgja þeirra fordæmum. Samfélög þrífast nefnilega ekki til lengdar í einangrun og fjarlægð, heldur aðeins þegar þau fá að vera frjálslýnd og opin.

Við sýnum ábyrgð og stöndum með almannavörnum

Við aðlögum afgreiðslutíma verslana hratt og í samræmi við fyrirmæli yfirvalda. Við uppfærum upplýsingar um afgreiðslutímaá byko.is og á samfélagsmiðlum.

Við höfum skipt verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu í nokkur afmörkuð svæði fyrir viðskiptavinum okkar. Hvert svæði hefur sérinngang og ekki er hægt að fara á milli þeirra nema í gegnum inngang hvers svæðis fyrir sig. Að tilmælum yfirvalda gætum við þess að einungis 20 einstaklingar eru inni á hverju svæði á hverjum tíma.

Við höfum stóraukið þrif í öllum verslunum okkar og hafa viðskiptavinir aðgang að handspritti víða. Allar kerrur og aðrir snertifletir eru sótthreinsaðir reglulega af starfsfólki.



Til hagræðingar styttr BYKO afgreiðslutímamann, sjá nánar á byko.is

Verslaðu í vefverslun BYKO

SENT **ALLA DAGA**
HEIM



Pantaðu fyrir **kl. 14:00** alla daga vikunnar og þú færð vöruna **samdægurs** á höfuðborgarsvæðinu. Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr



Það er líka enn hægt að

PANTA & SÆKJA í BYKO Breidd

Hægt er að sækja pantanir í BYKO Breidd við vörumóttöku við suðurgöfl verslunar allt fram til 18:30 alla virka daga.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Markið sett hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Orða Newcastle við allt og alla

FÓTBOLTI Ensku götublöðin hafa lítið gert annað en orðað leikmenn annarra liða við Newcastle en yfir-taka á félaginu er yfirvofandi.

Sáðiarabíski krónprinsinn Mohamed Bin Salman leiðir fjárfestingahóp sem hefur fengið rúmlega 300 milljón punda tilboð sitt í Newcastle samþykkt.

Bin Salmann er einn ríkasti maður heims og í þeirri gúrkatúð sem ríkir í fótboleleysinu geta blöðin fyllt síður sínar með vanga-veltum um leikmannakaup félagsins. Má þar nefna að Gareth Bale, leikmaður Real Madrid, hefur verið orðaður við endurkomu í enska boltann. Kalidou Koulibaly, varnartröll Napoli sömuleiðis og þá á félagið að vilja Philippe Coutinho, leikmann Barcelona.

Newcastle stefnir hátt og verður ekkert sparað enda auðæfi Bin Salmann nánast óþrjótandi. – bb



Guðni Bergsson, formaður KSÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Stjórnvöld létti KSÍ róðurinn

FÓTBOLTI Stjórn KSÍ skorar á stjórnvöld vegna áhrifa COVID-19 á íþróttastarfsemi í landinu. Griðar mikilvægt sé að þau úrræði sem stjórnvöld bjóði rekstraradilum og einstaklingum nýttist einnig íþróttahreyfingunni.

„Ljóst er að óhjákvæmilegar sóttvarnaaðgerðir stjórnvalda vegna faraldursins, sem leitt hefur til stöðvunar á allri íþróttastarfsemi, hafa komið mjög illa við knattspyrnu- og íþróttahreyfinguna í heild sinni. Áhrifin eru jafnt félagsleg sem fjárhagsleg,“ segir í áskorun stjórnar KSÍ.

Knattspyrnuhreyfingin horfir til þess að aðgerðir ríkisstjórnar og sveitarfélaga létti þeim róðurinn svo lágmarka megi skaða sem þegar sé orðinn. Er þeirri eindregnu áskorun beint til stjórnvalda að tryggja íþróttahreyfingunni öfluga viðspyrnu. Bent er á að hreyfingin geti ekki nýtt lokunarstyrki þótt starfsemi á hennar vegum hafi verið stöðvuð í þágu sóttvarna.

„Eins nýttast launaúrræði illa vegna fjölda hlutastarfa í hreyfingunni, en þau úrræði geta ekki nema um 30% starfsfólks knattspyrnuhreyfingarinnar nýtt sér. Með betrubótum á þessum úrræðum ásamt öðrum aðgerðum myndi rekstrarumhverfi íþróttafélaganna verða betra og félögin, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, geta frekar sinnt sínu mikilvæga samfélagslega hlutverki,“ segir stjórn KSÍ. – bb

Vonir fótboltans að glæðast

Flestar deildir Evrópu eru komnar með sín plön um hvenær þær ætli að byrja að sparka á ný. FIFA hefur áhyggjur af meiðslahættu og gæti leyft fimm skiptingar. Leikmannasamtökum lýst illa á að byrja fyrr.

FÓTBOLTI Tillaga frá FIFA gæti gert það að verkum að það megi gera fimm skiptingar þegar knattspyrna snýr aftur eftir COVID-19. Deildirnar sjálfar myndu þó ákvarða hvort þær myndu nýta sér tillöguna. Flestar deildarkeppnir hafa verið að smíða saman plön um endurkomu og ætla enska úrvalsdeildin að klára deildina frá 8. júní og ljúka henni 27. júlí samkvæmt The Times.

Samkvæmt Sky sports ætla félögin að hittast á fjárfundi á föstudag þar sem tillögurnar verða kynntar frekar, en þær ganga undir nafninu Project Restart. Ekki amalegt heiti það.


Samkvæmt The Guardian ætla enska stjórnin að kynna næstu tillögur samkomubannsins og útgöngubannsins þar í landi sjöunda maí. Boris Johnson forsætisráðherra sagði í ávarpi sínu að Engendingar væru farnir að sjá til sólar í sinni baráttu en hvatti landsa sína til að vera áfram á varðbergi. Íþróttir munu ekki byrja í landinu fyrr en ríkisstjórnin og þrjú Breita eru orðin sátt við tölurnar í faraldrinum.

Sky greinir enn fremur frá því að enska úrvalsdeildin, sem og allar aðrar íþróttadeildir þar í landi, þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði áður en leyfi verður veitt fyrir íþróttaiðkun. Enska deildin stendur föst á því að klára þá 92 leiki sem eftir eru af tímabilinu. Gary Neville knattspyrnuspekingur sagði við Sky að hann hefði ekki mikla trú á því að enska deildin myndi leika fyrir framan áhorfendur fyrr en á næsta ári.

Forsætisráðherra Ítalíu, Giuseppe Conte, sagði í sjónvarpsávarpi á sunnudag að liðin þar í landi gætu vonandi hafið æfingar 18. maí. Alls eru 12 umferðir eftir þar í landi en Juventus er á toppnum. Vincenzo Spadafora, íþróttamálaráðherra landsins, bætti þó við að hann væri að vinna náð með þrjú Ítala og ekkert verði gert án þess samþykkis. Ítalir stefna að því að byrja deildina 2. júní.

Þjóðverjar hafa gefið það út að 322 megi vera inni á fótboleikvöngunum til þess að fótboleikur fari fram. Þar á bæ ætla menn að byrja að spila niunda maí. Hans-Joachim Watzke, framkvæmdastjóri Dortmund, sagði í viðtali við Sky í gær að ef fótboltinn færi ekki af stað þar í landi myndi þýska deildin lagnast út af því mörg lið væru afar illa sett.

Spánverjar sendu frá sér tilkynningu í lok mars um að La Liga væri í ótímabundnu fótbotabanni. Í til-



Enska deildin stefnir enn á það að klára sína deildarkeppni þó ástandið í landinu sé enn hræðilegt vegna Covid-19. Liverpool er á toppi deildarinnar og fær trúlega meistarakarinn langþráða eftir 30 ára bið. NORDICPHOTOS/GETTY

kynningunni segir að bannið sé í gildi þar til yfirvöld eru viss um að hægt verði að hefja leik að nýju án þess að áhætta sé tekin. Formaður deildarinnar, Javier Tebas, gaf það út að hann sæi þrjú dagsetningar fyrir sér til að byrja aftur. Sú fyrsta væri 29. maí, önnur sjöunda júní og sú þriðja 28. júní.

Aðalritari alþjóðlegra leikmannasamtakanna FIFPro, Jonas Baer-Hoffmann, segir að endurkoma fótoltans sendi vond skilaboð í

Er verið að senda rétt skilaboð út í samfélagið, er fótoltinn að hvetja til heilbrigðar endurkomu í fyrra líf eða erum við að senda slæm skilaboð?

Jonas Baer-Hoffmann, aðalritari alþjóðlegra leikmannasamtakana, FIFPro

er samfélagið. „Það þurfa að koma leiðbeiningar um hvernig hægt sé að spila fótþolta aftur á öruggan hátt fyrir alla. Fótþolti er íþrótt með snertingum og við teljum að það þurfi að gæta fyllstu varúðar.“

Er verið að senda rétt skilaboð út í samfélagið, er fótoltinn að hvetja til heilbrigðar endurkomu í fyrra líf eða erum við að senda slæm skilaboð um að aðrar reglur gildi fótþoltaheiminum,“ spurði Baer-Hoffmann. benediktboas@frettabladid.is

Utan vallar átök bak við tjöldin í Garðabæ

ÍÞRÓTTIR Kristján B. Thorlacius, stjórnarmaður í Stjórnunni í Garðabæ síðustu fimm árin, er hættur í stjórn félagsins vegna ágreiningsmála innan félagsins. Kristján tilkynnti þetta bréfleiðis á síðasta stjórnarfundum. „Eftir að hafa eytt miklum tíma og orku í að leysa ágreiningsmál, sem uppi hafa verið í félaginu á undanförunum vikum og mánuðum, er orðið ljóst að hugmyndir mínar og formanns félagsins um það hvernig eigi að haga samskiptum og ákvarðanatöku innan stjórnar, samskiptum við einstakar deildir og við einstaka starfsmenn, fara ekki saman. Ekki



Ólga er innan Stjórnunnar vegna versnandi samskipta innan stjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

er lengur til staðar það traust sem þarf að vera til staðar í starfi sem þessu. Það er því óhjákvæmilegt að ég tilkynni um úrsógn mína úr stjórn UMF Stjórnunnar,“ segir í bréfi Kristjáns.

Samkvæmt Vísi hafa tveir aðrir stjórnarmenn félagsins hætt, þær Ásta Kristjánsdóttir sem var varamaður og Sigríður Dís Guðjónsdóttir, varamaður í stjórn. Í grein Vísis kemur fram að þær hafi sent bréf til bæjarfulltrúa þar sem sagt er frá erfiðum samskiptum. „Á aðalstjórnarfundum félagsins föstudaginn 17. apríl sl. lögðu undirritaðar fram bókun þess efnis að

þær myndu láta af störfum í stjórn félagsins. Ástæðan er sú að ekki er til staðar það traust sem þarf að vera á milli formanns og stjórnarmanna. Einnig eru ekki viðhöfð þau faglegu vinnubrögð sem við höfum haft að leiðarljósi í okkar stjórnarsetu fyrir félagið,“ sagði í tölvupósti þeirra.

Sigurður Bjarnason, formaður Stjórnunnar, sagðist vera að vinna þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans og bað blaðamann um að hringja um kvöldið. Stjórnarfundur var fyrirhugaður hjá aðalstjórn í gær.

– bb

FRÉTTIR

FRÍÐJUDAGUR 28. APRÍL 2020

Heilsa



Hettupeysurnar henta vel bæði fyrir útiveruna og hversdaginn.

Einstakar ullarvörur með gott notagildi

Hjá GG Sport fást Icebreaker ullarvörurnar sem hafa verið gríðarlega vinsælar á undanförunum árum. Starfsmenn verslunarinnar búa yfir mikilli þekkingu hvað varðar gæðaútvistarfatnað fyrir íslenskar aðstæður. ➔2

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



Fylgstu með!



Framhald af forsiðu →

Icebreaker ullarvörurnar eru gæðaflikur frá Nýja-Sjálandi. „Það sem gerir þessar vörur sérstakar er að í grunninn eru þetta einu ullarvörurnar sem stinga ekki og draga ekki í sig lykt,“ segir Leifur Dam Leifsson, annar eigenda GG Sport. „Tilfinningin er eins og þetta sé bómull frekar en ull, fólk hefur ekki kynnst þessu áður.“

Ekki bara fyrir útiveruna

Að sögn Leifs er Icebreaker leiðandi á markaðnum. „Nýsjálenska ullin er Merino ull en er eins og þelull, sem er mikið finni heldur en Merino ull. Því finni sem þræðirnir eru því minni líkur eru á að það séu faldar bakteríur í ullinni. Hefðbundin Merino ull er frekar gróf, en ekki þessi. Þess vegna stingur hún ekki.“

Verslunin hefur boðið upp á Icebreaker vörurnar í mörg ár. Merkið er vel þekkt í útivistarheiminum en vinsældirnar eru að aukast til muna. „Fólk er byrjað að klæðast þessu dagsdaglega, bæði ungir sem aldnir. Þetta er orðinn hversdagsfatnaður í dag þar sem fólk er í þessu í vinnunni, heima hjá sér og svo auðvitað í almennri útivist.“

„Úrvalið er mikið en við erum með allt frá sokkum, nærfötum, leggings, stuttermabolom, langermabolom og peysum í húfur, vettlinga og buff,“ segir Leifur. „Á hverju einasta ári reynum við að auka úrvalið og bæta við okkur. Vinsældirnar eru alltaf að aukast. Það eru margir sem halda það að þeir sem kaupa Merino ull séu einungis veiðifólk og útivistarfólk, en sú hugsun er að breytast. Þetta er að færast meira yfir í hversdagsleikann.“



Sama hvernig viðrar

Snædís Bergmann hefur notað Icebreaker vörurnar í nokkur ár og er gríðarlega ánægð með þær. „Ég er mjög viðkvæm fyrir ull og mig klæjar alltaf rosalega undan henni. Ég var þess vegna ótrúlega ánægð að finna loksins hið fullkomna föðurland fyrir mig. Þetta er mýksta ull sem ég hef komist í snertingu við og sú eina sem stingur mig ekki,“ segir Snædís.

„Ég uppgötvaði líka að ullin er ekki einungis ætluð til að nota í kulda heldur er hún líka æðisleg í hlýju veðri. Hún heldur á manni hita í kulda en einangrar mann á sama tíma frá hita þegar það

Nýsjálenska ullin er einstaklega mjúk og fin.



Síðermabolirnir hafa verið vinsælasta varan á undanföllum árum.



Eitt af einkennum sokkana er hvað þeir eru gríðarlega mjúkir.

Laun lögreglumanna þau sömu og þau voru árið 2002

Við lögreglumenn höfum reynt að eiga raunverulegar samræður við ríkið um kjör okkar í mörg ár.

Samningur sá sem við vinnum eftir í dag rann út fyrir meira en ári síðan.

Við sitjum enn við samningaborðið án nokkurs árangurs.

Lögreglumenn hafa ekki verkfallsrétt og það hefur ríkið nýtt sér til þess að framlengja löngu úrelta samninga.

Við skulum rifja upp örfá atriði með þeim.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins sagði í fréttum RÚV árið 2017:

„Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að ríkið leggi áherslu á að í kjaraviðræðum sýni hópar fram á það með gögnum að þeir hafi dregist aftur úr sínum samanburðarhópum í launum“

- Fréttir RÚV 3. júlí 2017-

Með vísan í ofangreint er rétt að minna hæstv. ráðherra á innihald svars hans við fyrirspurn **Bjarkeyjar Olsen**, núverandi þingflokksformanns VG, og spyrja sig hvort að það sé ekki máli okkar til stuðnings:

„Laun lögreglumanna á raunvirði eru í dag svipuð því sem var árið 2002. Hafa þau lækkað um tæplega 9% síðan þau voru hæst árið 2005. Þetta kemur fram í skriflegu svari Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra.“

- Mbl.is 15. mars 2016-

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður VG, í umræðu um löggæslumál á Alþingi þann **15. október 2015**:

„Ég vil spyrja hæstv. ráðherra í ljósi þess að hér liggur fyrir frumvarp þriggja þingmanna og jafnvel fleiri, um að lögreglumenn fái verkfallsrétt eins og aðrar stéttir: Styður hæstv. ráðherra það? Ef ekki, er þá ekki enn brýnni þörf á að koma til móts við kröfur lögreglumanna þannig að hér verði tryggður stöðugleiki og öryggi almennings?“

Þá er rétt að minna hæstv. ráðherra á ályktun frá landsfundi VG í **október 2019**:

„Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 18. – 20. október 2019 tekur undir kröfur lögreglumanna um að þeir hafi verkfallsrétt.“

Að lokum er rétt að minna **Sigurð Inga Jóhannsson**, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og formann Framsóknarflokksins á ályktanir flokksþings Framsóknarflokksins frá árinu **2016**:

„Það er ein af grunnskyldum ríkisins að tryggja öryggi borgaranna. Forsenda þess er öflug löggæsla. Tryggja þarf lögreglu nægilega góð starfsskilyrði til að hún geti sinnt þeim fjölmörgu verkefnum sem að henni snúa um land allt, allan ársins hring.“

Kæru landsmenn. Við lögreglumenn höfum verið án kjarasamnings í meira en ár en stöndum samt okkar vakt. Þetta ástand getur ekki gengið lengur.

Við verðum að sjá til þess að stjórnvöld standi sína vakt.



Stjórn Landssambands lögreglumanna.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin allan virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbodsvetur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Ábendingarnappinn má finna á www.barnaheill.is



Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Felli tré og grysjá og klippi runna. Ódýr þjónusta. Halldór garðyrkjum. s:698 1215

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opð mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

FYRIR AÐSTOÐ INNLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Suðurnesjalína 2

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitid liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitid og matsskýrslu Landsnets er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skiplag.is.

Hrólfsskálamelur 3 170 Seltjarnarnes



Falleg og vel skipulögð 134 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð

- Nýlegt lyftuhús með
- Stæði í lokaðri bílageymslu
- Eignin skiptist í 118,8 fm íbúðarrými
- 15,2 fm geymsla



Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson, lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is sími: 899 5856

Verð: 79,9 millj.



MIKLABORG

569 7000 • Lág múla 4 • miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggjafir fasteignasalar

Öflugar viftur

Iðnaðarviftur fyrir íslenskar aðstæður

Loftviftur - Þakviftur - Reykviftur - ATEX viftur og bara venjulegar viftur



Þú færð viftuna hjá okkur:

viftur.is
-andaðu léttar

ishúsið

S:566 6000 • ishusid@ishusid.is • www.viftur.is • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



Félags- og skólabjónusta Snæfellinga

ÚTBOÐ ÓLAFSBRAUT 62-64

Verkís hf., fyrir hönd Félags- og skólabjónustu Snæfellinga, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir vegna byggingar á 5 íbúða, ásamt starfsmannaaðstöðu, búsetubjónustukjarna fatlaðs fólks við Ólafsbraut 62-64, Ólafsvík

Verkið nær til fullnaðarfrágangs alls verksins. Verktaki skal steypa grunn, reisa hús, innrétta, ganga frá utanhúss sem og innan og fullgera húsið samkvæmt útboðsgögnum.

Nokkrar magntölur:

- Flatarmál húss: 441 m² 1370 m³
- Pak og botnplata 357 m³

Verktaki tekur við byggingarsvæði í núverandi ástandi. Búið er að fylla undir undirstöður, fylla í bílastæði og girða athafnarsvæði og setja upp hlið inn á vinnusvæðið.

Verklök á heildarverki eru 30. ágúst 2021, útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi með því að senda tölvupóst á netfangið anmt@verkis.is þar sem fram kemur heiti verks, nafn bjóðanda, netfang og símanúmer tengiliðs bjóðanda.

Tilboðum skal skila rafrænt á netfangið anmt@verkis.is fyrir kl.13.00, 11. maí 2020. Tilboð verða opnuð á fjárfundi kl. 13.30, 11. maí 2020.



HRAUNTUNGA 9

200 Kópavogur

Heillandi einbýli með tveimur útleigugeiningum

- Glæsilegt útsýni og stór lóð
- Sérlega björt með stórum síðum gluggum
- 207 fm, þrjú svefnherbergi, 4 skv teikningu auk útleigugeininga með sérinngangi
- Aðalhæð glæsilega endurnýjuð
- Blágrýti á gólfum og vandaðar tekk hurðir
- Baðherbergi með háþóleraðu blágrýti
- Frábær staðsetning örstutt í skóla og niður í Kópavogsdal

Verð: **Tilboð**

Nánari upplýsingar veitir:

Þórunn Pálsdóttir, lögg. fasteignasali
thorunn@miklaborg.is sími: 773 6000

MIKLABORG

 569 7000 · Lág múla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafabjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:

- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST

Ráðningar

www.fastradningar.is

Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR
hagvangur.is

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1975 Ríkisstjórnin gerir samning við bandaríska félagið Union Carbide um að reisa járnblendiverksmiðu á Grundartanga í Hvalfirði.

1997 Sveinn Björnsson listmálari andast, 72 ára að aldri.

2007 AFL Starfsgreinafélag er myndað með sameiningu þriggja stéttarféлага á Austurlandi.

2008 Indland setur nýtt heimsmet með því að senda 10 gervihnetti á sporbaug um jörðu í einu geimskoti.

2009 Íslenska varðskipið Þór er sjósett í Chile.

2014 Bandaríkin hefja viðskiptaþvinganir gegn Rússlandi vegna deilunnar um Krímskaga.



Móðir mín,
Kristín Baldvina Óladóttir

hjúkrunarfræðingur,
Þórsgötu 16A, Reykjavík,
lést á Droplaugarstöðum
sunnudaginn 19. apríl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Finnur Björnsson



Móðir mín,
tengdamóðir, amma og langamma,
Guðrún Magnúsdóttir

Austurbrún 2,
lengst af á Njálsgötu 18,
lést á Hrafnistu 7. apríl sl.
Bálför hefur farið fram.
Minnningarathöfn verður síðar.

**Hafsteinn Garðarsson Snjólaug Bragadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eigenmaður minn,
Gísli Ólafur Gíslason

frá Djúpadal,
Kleppsvegi 120,
síðast til heimilis að Bodaþingi 22,
lést á Hrafnistu Bodaþingi mánudaginn
20. apríl. Í ljósi aðstæðna verður eingöngu
nánasta fjölskylda viðstödd útförina sem
fer fram miðvikudaginn 6. maí nk.

Ingibjörg Eggertsdóttir



Faðir minn, tengdafaðir og afi,
Kristmundur Mór Bjarnason,

lést á heimili sínu þann 18. apríl sl.
Sökum aðstæðna í þjóðfélaginu
mun jarðarförin fara fram í kyrrþey.

**Þórarinn Kristmundsson Stefán Mór Þórarinsson
Kristján Örn Þórarinsson**

**Ragnheiður Stefánsdóttir
Katrín Helga Þórarinsdóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,
María Helgadóttir

lést á hjúkrunarheimilinu
Droplaugarstöðum laugardaginn
18. apríl. Útför hennar fór fram
í kyrrþey föstudaginn 24. apríl.
Við þökkum auðsýnda samúð.

**Stefán Stefánsson Sólveig Hjördís Jónsdóttir
Ragnheiður Stefánsdóttir
Anna Guðfinna Stefánsdóttir Sigurður Sveinn Jónsson
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**



Þorvaldur þarf að sinna ansi mörgum einstaklingum í gróðrarstöð sinni Flóru, engan má skorta yl og vatn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Alla þyrstir í blóm og vor

Sumir garðeigendur hófu tiltekt um síðustu helgi, ef ekki í verki, þá í huganum. Eigendur gróðrastöðva þurfa meiri fyrirhyggju. Þeirra á meðal er Þorvaldur Snorrason.

Í gróðrarstöðinni Flóru í Hveragerði er Þorvaldur Snorrason að hagræða sumarblómum í gróðurhúsi. Snædrifan er þegar byrjuð að blómstra. „Fyrsta ræktun er tilbúin og það merkilega er að salan er aðeins byrjuð,“ segir hann brosandí. „Ég tek samt fram við alla að snædrifan þoli ekki frost, þrátt fyrir nafnið en margir eru með gróðurskála, yfirbyggðar svalir og skjólgóða garða. Ég held að Íslendingar séu orðnir þreyttir á ástandinu og alla þyrsti í blóm og vor. Þetta var erfiður vetur víða um land, kaldur og vindasamur, hér í Hveragerði urðu skemmdir á gróðurhúsum í veðrinu sem var kringum pálmásunnudag, þá snjóaði svo gríðarlega. Svo er það veiran sem toppar auðvitað allt, þannig að þetta ár hefur verið viðburðaríkt það sem af er.“

Þó Þorvaldur sjái um ræktun sumarblómanna kveðst hann vera háður innflutningi á græðlingum og fræi en hafa verið svo heppinn að ná inn töluverðu magni áður en kórónaveiran kom til sögunnar. „Svo hafa skipaflutningar gengið smurt fyrir sig. Það var aðeins



Þetta er svolítið erfiður bransi hjá okkur því við erum að selja mikið á stuttum tíma en munum reyna að laga aðstöðuna hér að því, þannig að allir séu öruggir.

flækjustig með flugið þannig að það sem pantað var frá Hollandi og víðar að þurfti að fara gegnum Belgíu. Ég held að Íslendingar hafi bjargað því. Auðvitað gætum við verið sjálfum okkur nóg ef landið myndi lokast. Ég man þá tíð þegar við vorum með móðurplöntur og tókum græðlinga af þeim, ég kann það og stundum geri ég það. En sérhæfingin er mikil í þessum geira, það er alltaf verið að rækta betri og betri yrki og nýja liti og það eru bara ákveðnir aðilar sem einbeita sér að því.“

Í Flóru vinna um tuttugu og fimm manns á sumrin, að sögn Þorvaldar. Fyrir utan að sinna öllum þeim sem koma til að versla á staðnum sendi fyrirtækið blóm til sveitarfélaga og verslana, svo mikið sé að gera. En býst hann við fjöldatakmörkunum í blómaskálanum hjá sér vegna kórónaveirunnar, þegar verslunin byrjar hjá honum fyrir alvöru? „Við reynum að sjálfsögðu að fara að öllum lögum og reglum. Minna grimmt á tveggja metra bilið milli fólks, hafa sprittbrúsa hér og þar og hugsanlega vera með afgreiðslu að einhverju leyti utan húss. Þetta er svolítið erfiður bransi hjá okkur því við erum að selja mikið á stuttum tíma en ætlum að reyna að laga aðstöðuna hér að því, þannig að allir séu öruggir. Svo verða reglur kannski eitthvað rýmkaðar frá því sem nú er. Við munum fylgjast með. Aðalatriðið er að veiran gangi fljótt niður og blossi ekki upp aftur. Hún þarf að eyðast,“ segir Þorvaldur og óskar þess að lokum að allir Íslendingar eigi gott sumar í vændum og geti notið þess að fegra garðinn sinn.
gun@frettabladid.is



Elskuleg dóttir, barnabarn og frænka,
Sandra Líf Long

sem lést þann 9. apríl 2020, verður
jarðsungen í dag, 28. apríl,
frá Dómkirkjunni í Reykjavík.
Móðir Söndru Lífur og nánasta fjölskylda
vilja þakka Landsbjörg, Lögreglunni í
Reykjavík og Hafnarfirði og öllum þeim fjölmörgu, sem
tóku þátt í leitinni. Við höfum fundið fyrir stuðningi frá
öllu landinu og þökkum fyrir blómin, kertin og fleira.
Við skulum styrkja björgunarsveitirnar! Við vitum aldrei
hvenær við þurfum á þeim að halda.

**Lára B. Long Martin Bailey
Ása Finnsdóttir Jóhannes Long
Guðlaug Sif Long, Gestur Rúnar Guðmundsson og dætur
Sigurður Long, Guðný Fanney Friðriksdóttir og börn**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Guðný G. H. Marinósdóttir
textillistakona og kennari,

verður jarðsungen frá Akureyrarkirkju
fimmtudaginn 30. apríl kl. 13.30.
Í ljósi aðstæðna verður athöfnin í kyrrþey
en streymt verður úr kirkjunni.

Við þökkum starfsfólki almennrar göngudeildar og
heimahlynningar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir frábæra
umönnun, og öllum þeim sem sýnt hafa okkur samúð
og hlýhug.

**Rúnar Sigþórsson
Heiðar Þór Rúnarsson Birna Málmfríður Guðmundsd.
Oddur Mór Rúnarsson Iona Louie Morris
og barnabörn.**



HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

ÖLL STILLANLEG RÚM MEÐ

20-30% AFSLÆTTI



MIKIÐ ÚRVAL, MARGAR STÆRÐIR
FRÁ 80 CM TIL 200 CM

VERÐ FRÁ
290.600 KR.

160X200 CM HJÓNARÚM
INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA, BOTN OG FÆTUR.

FULLT VERÐ 415.080 KR.

MIKIÐ ÚRVAL AF MISMUNANDI DÝNUM.
STILLTU ÞIG INN Á HVÍLD SEM GERIR LÍFIÐ BETRA



STILLTU ÞIG INN
Á HÁMARKS HVÍLD
GOTT GEGN HROTUM
MINKAR BAKFLÆÐI
EINSTÖK SLÖKUM
FRÁBÆR AÐLÖGUN



FORTE TILBODSVERÐ
151.920 KR.
BRIGGJA SÆTA RAFSTILLANLEGUR SÓFI FULLT VERÐ 189.900 KR.



COMO TILBODSVERÐ
34.800 KR.
STILLANLEGUR HÆGINDASTÖLL FULLT VERÐ 43.500 KR.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur



7 | 2
°C | ↓

Egilsstaðir



9 | 0
°C | ○



3 | 7
°C | →

Kirkjubæjarkl



6 | 1
°C | ↗



8 | 2
°C | ↓

Hveravellir



1 | 3
°C | ↓

Hægvíðri og léttskýjað um mestallt land í dag. Hiti víða 5 til 10 stig yfir daginn.

Miðvikudagur



6 | 4
°C | ↓

Egilsstaðir



9 | 1
°C | →



2 | 7
°C | →

Kirkjubæjarkl



8 | 2
°C | ↘



7 | 4
°C | ↓

Hveravellir



2 | 5
°C | ↓

Fimmtudagur



7 | 4
°C | ↘

Egilsstaðir



1 | 5
°C | ↓



-1 | 6
°C | ↘

Kirkjubæjarkl



5 | 3
°C | ↗



0 | 1
°C | ↓

Hveravellir



-1 | 8
°C | ↘

LÉTT

8	3						
		5	4	3	7	1	2
			5		9		3
			5	8	3	7	
9	8		6				
2		7	9				
		1				6	4
	2			5	8		
	6			1	7		

MIDLUNGS

		4	3	7	5	9	6
		9				3	4
6	2			9		7	
	8					6	
	7	5		3			2
	1	6			5		
	5		4			7	
2				9			3
4				8			

PUNG

		5					6
						4	1
			4		9		
	1	3		8	5		7
			7		2		
6			9	2			3
3	1	5	9				
	9	7		6	3		2
		8			5		

Krossgáta

LÁRÉTT

- þoldi
- sáðkorn
- fisk
- glófi
- són
- skjön
- sýnt
- afundinn
- stofnæð
- Ávöxtur

LÓDRÉTT

- einangra
- íþróttafélag
- ákall
- röndin
- nytjalist
- klíngja
- íþrótt
- háma
- óð

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. afbar, 5. frá, 6. ál, 8. hanská, 10. óm, 11. mis, 12. þen, 13. full, 15. aðalæð, 17. ákær, 18. ákær, 19. ákær, 20. ákær, 21. ákær, 22. ákær, 23. ákær, 24. ákær, 25. ákær, 26. ákær, 27. ákær, 28. ákær, 29. ákær, 30. ákær, 31. ákær, 32. ákær, 33. ákær, 34. ákær, 35. ákær, 36. ákær, 37. ákær, 38. ákær, 39. ákær, 40. ákær, 41. ákær, 42. ákær, 43. ákær, 44. ákær, 45. ákær, 46. ákær, 47. ákær, 48. ákær, 49. ákær, 50. ákær, 51. ákær, 52. ákær, 53. ákær, 54. ákær, 55. ákær, 56. ákær, 57. ákær, 58. ákær, 59. ákær, 60. ákær, 61. ákær, 62. ákær, 63. ákær, 64. ákær, 65. ákær, 66. ákær, 67. ákær, 68. ákær, 69. ákær, 70. ákær, 71. ákær, 72. ákær, 73. ákær, 74. ákær, 75. ákær, 76. ákær, 77. ákær, 78. ákær, 79. ákær, 80. ákær, 81. ákær, 82. ákær, 83. ákær, 84. ákær, 85. ákær, 86. ákær, 87. ákær, 88. ákær, 89. ákær, 90. ákær, 91. ákær, 92. ákær, 93. ákær, 94. ákær, 95. ákær, 96. ákær, 97. ákær, 98. ákær, 99. ákær, 100. ákær.

Skák Gunnar Björnsson

Drelikievicz fann snjalla leið til jafnteflis gegn Tiberger í Pólandi árið 1970.

1...h3+! 2. Kxh3 Df5+! 3. Dxf5 Hxg3+! 4. Kh4 Dg4+! ½-½.
Íslandsmótið í netškák – BRIM-mótið fer fram á morgun. Ópið öllum. Skráning fer fram á skak.is. Það bar til tíðinda á Boðsmóti Magnúsar Carlsen að heimsmeistarinn tapaði fyrir Anish Giri.

www.skak.is: Íslandsmótið í netškák – BRIM-mótið.

Svartur á leik




9	1	4	6	2	5	8	3	7
6	2	7	8	3	4	1	9	5
3	5	8	9	7	1	6	4	2
5	3	2	1	8	7	9	6	4
8	4	9	3	6	2	5	7	1
7	6	1	4	5	9	2	8	3
1	8	5	7	4	6	3	2	9
2	7	3	5	9	8	4	1	6
4	9	6	2	1	3	7	5	8

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM

Sími: 561 1433

www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35



BLÁR APRÍL

Styrktarfélag barna með einhverfu

ÞAÐ ER BARA BEST AÐ
KYNNAST MÉR TIL
AÐ SKILJA MIG BETUR

Heilsaðu upp á Mariú á blarapril.is
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja



Sköpun á tímum kórónaveirunnar

Þorgrímur Þráinsson er með mörg járn í eldinum. Tvær bækur eru væntanlegar í haust og viðtalsbók er svo í smíðum.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Þorgrímur Þráinsson rit-höfundur með meiru lætur ekki deigan síga í kórónafaraldrinum. Hann situr við skriftir, iðulega á kaffihúsi og einmitt þar mætti blaðamaður honum.

Spurður hvernig gangi í vinnunni svaraði Þorgrímur: „Vinnan slitur í sundur fyrir mér daginn,“ sagði einhver snillingur hér á árum áður og þannig er það án efa í tilfelli sumra, einkum þeirra sem njóta sín ekki í vinnunni. Ég hef unnið mér inn þá heppni að vera í ástríðunni síðustu áratugi, haldið fyrirlestra, unnið með landsliðinu í fótbolta og við ritstörf. Fram til þessa hef ég nánast eingöngu skrifað á kvöldin og um helgar og í sumarfríinu en undanfarnar vikur hefur mér gefist tækifæri til að einbeita mér nánast eingöngu að ritstörfum í bland við fjar-fyrirlestra. Hvort tveggja er áhugaverð tilbreying.

Reyndar hef ég sannreynt það, sem við flest vitum en viljum síður tala um, að hafi maður of lítið að gera verðum maður latur. Letin er smitandi og sogar úr manni viljann til lífs. Þá þarf þrautseigju og dugnað til að rífa sig af stað, ekki síst þegar dagleg rútína er ekki lengur til staðar. Sjálfsblekkingin er líka kunningi, að reyna að telja sér trú um að maður sé afkastamikill eða að gera frábæra hluti. Það er þroskandi og mikilvægt að horfast í augu við sjálfan sig í spegli og spyrja hvort maður sé virkilega að gera frábæra hluti, hvort maður sé þjónn eða þræll. Og hvers vegna skorti upp á hugrekkið til að fylgja ástríðunni.“

Hlakkar til að komast í sund
Spurður hvort sú frelsisskerðing sem landsmenn búa nú við hafi haft


áhrif á hann segir Þorgrímur: „Let the busy man do it,“ er þekkt setning og sannast sagna líður mér best þegar ég hef í mörg horn að líta, þá get ég alltaf á mig blómum bætt. En það styttest í hið daglega braud og ég hlakka til að komast aftur í sund og ræktina og kikja í heimsóknir. Einar Ben orti: „Maðurinn einn er ei nema hálfur, en með öðrum er hann meiri en hann sjálfur.“ Það eru orð að sönnu.“

Hugmyndir spretta fram

Blaðamaður forvitnast um hvort skáldverk séu væntanleg á árinu: „Frá því þessi ósköp dundu yfir hef ég dustað rykið af gömlum hugmyndum og skutlaði í fallega, spennandi og fyndna barnabók sem ég kalla Fillinn fljúgandi. Hún verður ríkulega myndskreytt og fyrir yngsta og mikilvægasta fólkið okkar.“

Auk þess er ég að leggja lokahönd á einlæga og áhrifaríka krakkabók og ég reikna með að báðar komi út hjá Forlaginu á haustmánuðum. Svo þegar maður getur andað nokkuð óáreittur vikum saman kvikna allskyns hugmyndir og ég hef verið að skerpa á persónum sem takast á í verki sem ég fékk hugmynd að árið 1989. Ég veit ekki hvenær ég set undir mig hausinn og skrifa bókina, eflaust þegar hugmyndavinnu er að mestu lokið.

Annars hefur París togað hastarlega í mig upp á síðkastið en þar á ég aldagamlar rætur sem skjóta annað slagið upp kollinum. Mig langar að faðma Notre Dame og gleyma mér á Signubökkum, hverfa hundrað ár aftur í tímann. Ég á kvikmyndahandrit sem naut stuðnings frá Kvikmyndasjóði fyrir liðlega 15 árum en ég hef verið óduglegur að koma því á framfæri. Sögusviðið er París og Reykjavík, spennu-ástar-fjölskyldu-fyrirlífs-saga. Ég er að velta fyrir mér að breyta því handriti í bók af því að sagan vill brjóta sér leið upp á yfirborðið. Mér finnst líklegra að



„Sannast sagna líður mér best þegar ég hef í mörg horn að líta,“ segir Þorgrímur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

verkið komist fyrr í hendur lesenda en bíogesta.

Í fyrradag spratt fram falleg hugmynd um giraffa og vini hennar sem þurfa að berjast fyrir lífi sínu og svo er markmiðið að ljúka við viðtalsbók um „merkilegasta“ mann heims á næstu þremur til fjórum árum. Ég hef hitt hann árlega undanfarnir

ÞAD ER ÞROSKANDI OG MIKILVÆGT AÐ HORFAST Í AUGU VIÐ SJÁLFAN SIG Í SPEGLI OG SPYRJA HVORT MAÐUR SÉ VIRKILEGA AÐ GERA FRÁBÆRA HLUTI, HVORT MAÐUR SÉ ÞJÓNN EÐA ÞRÆLL.

fimm ár og það er að komast mynd á söguna sem teygir sig aldri aftur í tímann. Þetta er vitanlega leyndarmál en viðkomandi er munkur!

Þannig að það að vera rithöfundur á tímum kórónaveirunnar er áhugavert, skapandi og gefandi og hver veit nema sumir verði krýndir þegar fram líða stundir.“

Heppinn í ástum sigurvegari

Gamanmyndahátið Flateyrar í samstarfi við Reykjavík Foto stóð fyrir 48 stunda gamanmyndakeppni á dögunum, þar sem þátttakendur fengu aðeins 48 klukkustundir til að fullvinna stutta gamanmynd með þemanu Heppni/Óheppni.

Alls voru á þriðja tug stuttmynda sendar inn í keppnina, þar sem landsmenn gátu horft á þær og kosið sína uppáhalds gamanmynd.

Kosningin stóð yfir á heimasíðu Gamanmyndahátíðarinnar, www.IcelandComedyFilmFestival.com og er hægt að horfa á allar inn-sendar myndir þar. Það var myndin Heppinn í ástum eftir þá Arna Þór Guðjónsson, Jón Ólaf Hannesson og Killian G. E. Briansson Fitzgibbon sem sigraði í keppninni og hlutu höfundarnir að launum glæsilega Canon myndavél frá Reykjavík Foto.



Sigurveggar gamanhátiðarinnar sjást hér taka við verðlauninum.

Allir þátttakendur í 48 stunda gamanmyndakeppninni fengu þar að auki hátiðararbönd á Gamanmyndahátið Flateyrar.

Hátiðin í ár fer fram dagana 13.-16. ágúst. Á hátiðinni verða sýndar bæði nýjar og gamlar innlendar og erlendar gamanmyndir í bland við uppistand, leiksýningar, tónleika og fleira.

Rúmlega 50 milljónum úthlutað

Miðstöð íslenskra bókmennta úthlutar að þessu sinni hærri og fleiri styrkjum til útgáfu, þýðinga á íslensku og úr barna- og ungmennabókasjóðnum Auði.

Til að bregðast við áhrifum ríkjandi ástands hefur stjórn Miðstöðvar íslenskra bókmennta ákveðið að úthluta fleiri og hærri styrkjum til bókaútgáfu og þýðinga en venja er, alls 51,5 milljónum króna. Þetta er 8,5 milljónum herra en í fyrra þegar 43 milljónum var veitt í sömu styrki.

Rúmunum 28 milljónum króna hefur verið úthlutað í útgáfustyrki til 45 verka, sem er tveggja milljóna króna hækkun milli ára. Alls bærust 69 umsóknir og sótt var um rúmar 65 milljónir.

Miðstöð íslenskra bókmennta úthlutar nú rúmunum 13 milljónum króna í 35 styrki til þýðinga á íslensku, í fyrri úthlutun ársins,



Þriðjungur styrkjanna nú fer til þýðingar á barna- og ungmennabókum.

þegar 50 umsóknir bærust. Aldrei hefur svo miklu verið úthlutað í einu úr sjóðnum. Þriðjungur styrkjanna nú fer til þýðingar á barna- og ungmennabókum.

Nú er í annað sinn veitt úr sjóðnum sem er ætlað að styrkja útgáfu vandaðra barna- og ungmennabóka sem skrifaðar eru á íslensku. Alls

hlutu 32 verk styrki að þessu sinni og nemur heildarstyrkuppahæð 10 milljónum króna sem er tölverð hækkun frá í fyrra þegar sjö milljónum króna var úthlutað til 20 verkefna.

Bækurnar sem hljóta styrki að þessu sinni eru af ýmsu tagi; langar bækur, smábarnabækur og fleiri.



Ég hef lengi verið heilluð af örsögum, segir Kristín Guðrún Jónsdóttir um þessar þýðingar sínar, en hún er dósent í spænsku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Segja svo mikið án þess að segja mikið

Kristín Guðrún Jónsdóttir, dósent í spænsku, hefur þýtt örsögur frá Rómönsku-Ameríku. Segir sögurnar fá lesendur til að staldra við, hugsa og ráða í hið ósagða.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is




Við kvikuna er titill bókar sem geymir örsögur frá Rómönsku-Ameríku. Bókin er sjötta verkið sem kemur út í einmála ritröð Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Kristín Guðrún Jónsdóttir, dósent í spænsku, valdi og þýddi.

„Þetta safn hefur verið mörg ár í vinnslu hjá mér en með löngum hléum, eiginlega frá árinu 2005. Ég hef lengi verið heilluð af örsögum og alls kyns örstuttum textum og mig langaði að koma út svona safni á íslensku. Ég hélt kannski að aðrir hefðu líka gaman af þessu bókmenntaformi, segir Kristín.

„Upprunalega hugmyndin var að gefa út þetta úrvallssafn, síðan Svarta sauðinn og aðrar fabúlur eftir Augusto Monterroso og þar á eftir úrvallssafn eftir argentínska höfundinn, Ana María Shua. En þetta snerist allt í höndunum á mér; hinar tvær bækurnar komu út fyrir nokkrum árum og loksins er þessi að sjá dagsins ljós. Það getur verið flókið að koma saman bók með svona mörgum höfundum, það þarf að fá þýðingar og birtingarleyfi og er ekki auðhlaupið að því þegar 49 höfundar eiga í hlut. Ef höfundar eða erfingjar biðja um háa upphæð er algerlega útilokað að gefa út svona safnrit. Höfundarnir sem eiga sögur í bókinni hafa verið ótrúlega órlátir. Enginn þeirra sem er á lífi bað um krónu, og tekið skal fram að þeir eru þekktir.“

Um áhuga sinn á örsögum segir



Safnið var nokkuð lengi í vinnslu.

Kristín: „Ég hef alltaf verið hrifin af stuttum þjóðsögum og sögum eins og af Nasreddinn eða dæmisögum Esóps. Ég hef sennilega farið að víða að mér bókum með stuttum textum þegar ég var í námi án þess að gera mér grein fyrir því. Ég man að ég keypti pinulitla og fallega skreytta bók með örstuttum kinnverskum sögum þegar ég var í námi á Spáni í lok áttunda áratugar. Síðar þegar ég var í námi í Mexíkó kynntist ég verkum Augustos Monterroso og heillaðist af þeim, en hann skrifar aðallega stutta prósatexta og oft brotackennda. Ég fór þó ekki að skoða svona sögur fyrir alvöru fyrr en einhvern tíma stuttu eftir síðustu aldamót.“

Ráðið í hið ósagða

Spurð hvað sé svo heillandi við örsögur segir Kristín: „Þær segja

HÖFUNDARNIR SEM EIGA SÖGUR Í BÓKINI HAFU VERIÐ ÓTRÚLEGA ÓRLÁTIR. ENGINN ÞEIRRA SEM ER Á LÍFI BAÐ UM KRÓNU, OG SKAL TEKIÐ FRAM AÐ ÞEIR ERU ÞEKKTIR.

svo mikið án þess að segja mikið. Virka þannig á mig að þær fá mann til að staldra við og hugsa, ráða í hið ósagða, dálítið eins og ljóð. Svo hafa þær skírskotanir í margar áttir. Mér finnst líka áhugavert hvað þær sækja sér innblástur í ólík bókmenntaform og fara með mann í alls kyns ferðalög í tíma og rúmi. Svo gera þær grín að svo mörgu, rífa niður hefðbundnar túlkanir; það er mjög oft stutt í hómorinn og háðið. Fantasían er heldur ekki langt undan. Reyndar geta sumar þeirra tekið á og komið við kvikuna.“

Kristín segir að örsögur frá Rómönsku-Ameríku hafi orðið fyrir valinu vegna þess að þar þekki hún best til. „En ekki síður vegna þess að örsagnahefðin þar er orðin löng og formið viðurkennt frá því fyrir mörgum áratugum. En ég hef líka áhuga á örsögum frá öðrum löndum, til dæmis eftir íslenska höfunda. Frakkar eiga nokkra áhugaverða höfunda frá fyrri hluta síðustu aldar, Austur-Evrópa líka, einnig eru margir enskumæl-

andi höfundar. Til eru þýðingar á íslensku sem liggja hér og þar, það væri gaman að safna þeim saman og gefa út á bók. Reyndar erum við Óskar Árni Óskarsson að vinna að úrvallsríti eftir íslenska höfunda.“

Erfitt að lesa skáldsögur

Þar sem þetta er fyrsta verk sinnar tegundar á íslensku fannst Kristín hún vera bundin því að koma klassisku höfundunum að og segir að þeir séu ekki ófáir. „Ég reyndi sem sagt að gefa yfirlit yfir þessi skrif á 20. öld. Einnig reyndi ég að velja ólíkar sögur sem sýna mismunandi nálgun og ólíkt viðfangsefni. Þess vegna ákvað ég að kalla þetta sýnisbók. En svo langaði mig líka að sýna hvernig höfundarnir hafa kallast á í verkum sínum; ég á við þegar þeir fjalla um sama fyrirbæri, eins og sést til dæmis á sögunum um sirenur, drauma og Don Kíkóta. En það var erfitt að eiga við kynjahlutfallið, þar sem konur fara ekki að gefa út verk að ráði fyrr en á seinni hluta 20. aldar.

Fyrsta sagan er frá 1893 og sú yngsta frá 2014. Að sama skapi sækja þær oft innblástur í svipaða hluti, hvort sem er daglegt líf, gamlar þjóðsögur og ævintýri, grískar godsagnar, forna fabúlu-formið, eða þá miðalda dýratöl.“

Spurð hvort hún lesi mikið af skáldsögum segir Kristín: „Ég verð að viðurkenna að eftir svona mikinn lestur á örsögum og reyndar líka smásögum, á ég orðið erfitt með að lesa skáldsögur. Borges sagði einu sinni að hið fullkomna bókmenntaform geti ekki verið annað en örstutt saga sem nær að halda sig við kjarna málsins, eins og ljóðið. Að skáldsögur séu uppfullar af alls kyns óþarfa.“



Lilja Sigurðardóttir rithöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lilja og Yrsa í hópi þeirra fjörtíu bestu

Sunday Times tók nýlega saman lista um 40 bestu glæpasögur síðustu fimm ára. Þar á meðal er spennusaga Lilju Sigurðardóttur, Gildran og bók Yrsu Sigurðardóttur DNA. Nýlega hlóð Sunday Times miklu lofi á glæpasögu Ragnars Jónssonar, Mistur.

Gildran fjallar um Sonju sem stendur uppi allslaus og ráðalaus eftir skilnað. Það eina sem hún á er sonurinn Tómas sem hún fær ekki að hitta nema þegar þabba hans hentar. Í órvæntingu leiðist hún út í eiturfjasmýgl.

Í DNA eftir Yrsu er ung kona myrt á hryllilegan hátt á heimili sínu að nóttu til. Eina vitnið er sjö ára dóttir hennar. Skömmu síðar lætur morðinginn aftur til skarar skrída. Radióamatör fær sérkennileg skilaboð á öldum ljósvakans sem tengja hann við bæði fórnarlömbin. Þó þekkir hann hvorugt þeirra.

Auglýst eftir fjórum nýjum leikritum

Þjóðleikhúsið mun hleypa af stökkunum nýju Hádegisleikhúsi næsta haust. Þar munu gestir njóta leiksýningar um leið og þeir snæða hádegisverð. Hádegisleikhúsið verður starfrækt í Þjóðleikhúskjallaranum. Fjórar leiksýningar verða frumsýndar í Hádegisleikhúsinu á næsta leikári.

Í tengslum við þessa nýjung hleypa leikhúsið og RÚV af stökkunum nýju samstarfsverkefni. Auglýst er eftir handritum að fjórum nýjum íslenskum verkum sem verða frumflutt í Hádegisleikhúsinu og svo tekin upp til sýninga í Sunnudagsleikhúsi RÚV sem hleypt verður af stökkunum á árinu 2021.

Auglýst er eftir handritum eða ítarlegum hugmyndum að verkum sem eru 20-25 mínútur að lengd. Fjögur verkefni verða valin til þróunar og sýninga. Óskað er eftir tilbúnum handritum eða ítarlegum hugmyndum að leikverkum fyrir einn til þrjá leikara. Fjögurra manna nefnd mun velja handritin. Frestur til að skila inn handritum og hugmyndum að verkum er til 15. maí næstkomandi.



Soffía Bjarnadóttir ræðir um ljóð og skáldskap. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLI

Ljóðakaffi í streymi

Ljóðið er alltaf heima er yfirskrift dagskrár þar sem Halla Margrét Jóhannesdóttir og Soffía Bjarnadóttir lesa ljóð og ræða skáldskap. Dagskráin verður á morgun, miðvikudag 29. apríl kl. 20.00-21.00. Linkur á streymið birtist á Facebook síðu Borgarbókasafnsins rétt fyrir útsendingu.

Halla Margrét og Soffía Bjarnadóttir eiga það sameiginlegt að hafa báðar útskrifast með mastersgráðu í ritlist frá HÍ. Þær hafa gefið út ljóðabækur, leikrit og skáldsögur og á Ljóðakaffi lesa þær eigin ljóðtexta og tala um ljóð, skrif og skáldskap.

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

20.00 Tilveran Tilveran er þáttur um sálgæslu og mannrækt í samfélagi nútímans.
20.30 Lífið er lag Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri ára. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 21 - Fréttabáttur á þriðjudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaráttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Eldhugar. Séría 3 í Eldhugum fer Snædis Snorradóttir og viðmælendur hennar út á það hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.

RÚV SJÓNVARP

06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
09.00 Heimaleikfimi
09.10 Heimavist - MenntaRÚV
11.00 Skólahreysti
11.01 Sóttbarnalög Hljómskálan
11.30 Fjörskýldan
13.05 Í garðinum með Gurrý - Trjáplöntur og jarðarber
13.35 Kastljós
13.50 Menningin
14.00 Blaðamannafundur vegna COVID-19 Bein útsending frá blaðamannafundi vegna COVID-19.
14.40 Heimaleikfimi
14.55 Gettu betur 2000 FVA - MS
16.00 Poppkorn 1986
16.30 Menningin - samantekt
16.50 Íslendingar: Anna Pálina Árnadóttir
17.50 Tánmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ofurmennaáskorunin
18.29 Hönnunarstirnir III
18.47 Bilskúrsbras
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kveikur
20.40 Mestu lygar sögunnar - 1972, Watergate-hneykslið - History's Greatest Lies. 1972, Watergate Heimildarþáttaröð í sex hlutum um nokkrar af stærstu lygum mannkynssögunnar. Í þáttunum er fjallað um hvernig stjórnmöld og fólk í áhrifastöðum hafa beitt lygum í gegnum tíðina til að breyta gangi sögunnar.
21.35 Best í Brooklyn Brooklyn - Nine Nine V
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Gárur á vatninu - Kinastúlkann Top of the Lake. China Girl
23.20 Berlínarsaga Weissensee Saga IV
00.10 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

09.00 2017 Augusta Masters Útsending frá lokadegi.
15.05 2017 Champions Tour Year in Review
15.55 2017 Presidents Cup Official Film
16.40 2004 NBC Year in Review - Storybook Season
17.25 2018 Augusta Masters Útsending frá lokadegi.
22.55 2018 Champions Tour Year in Review
23.45 2018 FedExCup Playoffs Official Film

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Ráðið
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
07.00 Ísland vaknar. Útsending frá morgunþætti K100.
10.00 Dr. Phil
10.45 Everybody Loves Raymond
11.10 The King of Queens
11.30 How I Met Your Mother
12.00 Dr. Phil
12.45 Survivor
14.05 The Late Late Show
14.50 Ný sýn
15.20 Ást
16.10 Malcolm in the Middle
16.30 Everybody Loves Raymond
16.55 The King of Queens
17.15 How I Met Your Mother
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Love Island
20.10 Mannlíf
20.40 FBI. Most Wanted
21.30 The InBetween
22.15 Blood and Treasure
23.00 The Late Late Show
23.45 Evil
00.30 Grand Hotel
01.15 Chicago Med
02.00 Station 19
02.45 Im posters
03.30 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Siðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.30 Mannlegi þátturinn
21.25 Kvöldsgatan. Konan við 1000 gráður (29 af 41)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Náttúrútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.20 Golden Exits
12.55 The Wedding Singer
14.30 Jumanji
16.10 Golden Exits
17.40 The Wedding Singer
19.15 Jumanji
21.00 Ben is Back
21.00 Ready Player One
00.55 The Falling
02.35 Ben is Back

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 Masterchef USA
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Gilmore Girls
10.00 God Friended Me
10.45 First Dates
11.30 NCIS
12.35 Nágrannar
12.55 So You Think You Can Dance
14.20 So You Think You Can Dance
15.40 Ísskápastríð
16.15 Grand Designs. The Street
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.25 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Sporðaköst
19.40 Jamie. Keep Cooking and Carry on
20.05 All Rise
20.50 Shri!ll
21.20 Better Call Saul
22.20 Outlander
23.15 Last Week Tonight with John Oliver
23.50 Beauty Laid Bare
00.35 Insecure
01.05 High Maintenance
01.40 Whiskey Cavalier
02.20 Whiskey Cavalier
03.00 Whiskey Cavalier
03.45 Sally4Ever
04.15 Sally4Ever

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
19.55 Friends
20.20 Friends
20.45 The Middle
20.55 Flash
20.55 It's Always Sunny In Philadelphia
22.50 Pretty Little Liars. The Perfectionists
23.30 Friends
23.50 The Middle
00.15 Friends

STÖÐ 2 SPORT 2

07.30 Valur - KR
09.15 Valur - ÍBV
11.00 1 á 1 Gunnlaugur Jónsson
11.25 1 á 1 Heimir Hallgrímsson
12.00 1 á 1 Eidiur Smári Guðjónsen
12.30 1 á 1 Heimir Guðjónsson
12.55 1 á 1 Óli Jóh. og Arnar Grétars
13.40 1 á 1 Willum Þór Þórsson
14.00 1 á 1 Milos Milojevic
14.25 1 á 1 Rúnar Páll Sigmundsson
14.40 1 á 1 Glódís Perla Viggósdóttir
15.05 1 á 1 Andri Rúnar Bjarnason
15.25 1 á 1 Freyr Alexandersson
15.55 1 á 1 Logi Ólafsson
16.20 1 á 1 Jóhann Berg
16.45 1 á 1 Jón Rúnar Halldórsson
17.20 1 á 1 Freyr Alexandersson eftir EM
17.55 1 á 1 Guðni Bergsson
18.30 PDC Home Tour Bein útsending.
21.00 ÍBV - FH
22.45 Breiðablik - Stjarnan

STÖÐ 2 SPORT 3

08.00 Liverpool - AC Milan Útsending frá sögulegum úrslitaleik í Meistaradeild Evrópu árið 2005.
10.55 AC Milan - Liverpool Útsending frá úrslitaleik í Meistaradeildinni árið 2007.
12.35 Manchester United - Chelsea Útsending frá úrslitaleik í Meistaradeild Evrópu árið 2008.
15.40 Barcelona - Man. Utd. Útsending frá úrslitaleikum í Meistaradeild Evrópu árið 2009.
17.20 Bayern - Inter
19.00 Barcelona - Man. Utd.
21.00 Bayern - Chelsea

Gerðu viðeigandi ráðstafanir

Á að hafa það notalegt og horfa á eitthvað gott í kvöld? Þú færð allt naslið og drykkina á næstu Kvikk-stöð Orkunnar.

Kvikk
ON THE GO

ORKAN

Dagskráin á Hringbraut

Íslenskt sjónvarpsefni í 5 ár



21

Frétta- og umræðuþáttur með áherslu á pólitík, þjóðmál, menningu og lífsreynslu



Tilveran

Samtal um manneskjuna og trúna á tímum mótlætis í samfélaginu



Bílalíf

Fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi



Eldhugar

Færir viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins



Fasteignir og heimili

Upplýsandi og fróðlegur þáttur um fasteignir, heimili og húsráð af öllu tagi



Heilsugæslan

Fræðsluþáttur um heilsu og lífsstíl, unninn með fagfólki og sérfræðingum



Lífið er lag

Tekur á málefnum fólks á besta aldri sem lifir áskoranir efri áraanna



Mannamál

Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi, opinskár og hispurslaus



Suðurnesjamagasín

Skoðar mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar suður með sjó



Saga og samfélag

Fer með áhorfendur fram og aftur tímann í íslenskum fræðum og menningu



Undir yfirborðið

Varpar ljósi á allt það sérstæða í lífinu sem stundum er falið og fordæmt



Viðskipti með Jóni G

Fréttatengdur þáttur sem tekur púlsinn á íslensku viðskiptalífi

FRÉTTAUMRÆÐA, MENNING, HEILSA,
LÍFSREYNSLA OG NÁTTÚRA



HRINGBRAUT



HELGA LILJA MAGNÚSDÓTTIR

fatahönnuður og eigandi merkisins Bið að heilsa niðri í Slipp.

LEITADI NÝRRA LEIÐA

„Það er merkilegt að fylgjast með keðjuverkuninni sem fór í gang við þessa heimskrisu. Stærstu áhrif COVID-19 á merkið mitt eins og málin standa í dag er sú að verksmiðjan sem þrjú ár fatnað BAHNS er í Litháen og garnið keypt á Ítalíu, óþarfi að segja að þær voru skikkaðar til að hætta starfsemi í bili og get ég því ekki pantað næstu sendingu fyrr en guð má vita hvenær, þegar allt fer aftur í gang.“

Fyrst ég vissi ekki hvenær næsta sending merkisins mætti í fang mitt þurfti ég að hætta að leigja

ÉG ER NÚNA AÐ LEITA AÐ FRAMLEIÐSLU-ADILA HÉR HEIMA TIL AÐ BÆTA ÍSLENSKU ULLINNI INN Í VÖRUÚRVALIÐ HJÁ OKKUR.

pláss í verslunum fyrir fatnaðinn, salan á netinu hefur hins vegar aukist töluvert. Þar sem ég hef ekki hugmynd um hvenær næsta

sending kemur er ekkert annað í stöðunni en að hugsa í lausnum og ég er núna að leita að framleiðsluaðila hér heima til að bæta íslensku ullinni inn í vöruúrvalið hjá okkur.

Hátið hafsins verður ekki haldin í ár vegna fjöldatakmarkanareglanna í sumar en BAHNS stendur einmitt fyrir koddaslagnum á plankanum á Sjómannadaginn. Í ár verður því enginn slagur en hann hefur verið fastur liður hjá merkinu síðastliðin þrjú ár.

En þá þarf maður bara að koma filefldur til baka að ári.“



HARPA EINARSDÓTTIR

fatahönnuður og eigandi MYRKA.

TELUR AÐ TÚRISTABÚÐIRNAR VÍKI FYRIR HÖNNUN

„Þetta eru sérstakir en magnaðir tímar vissulega. Þetta var fyrsti marsmánuður í mörg ár þar sem ég á mér líf fyrir utan vinnu, allir viðburðir blásnir af, en Hönnunarmars og Reykjavík Fashion Festival hafa tekið yfir febrúar og mars hjá okkur hönnuðum til fjölda ára. Ég var þó lánsöm að hafa fengið stærstu styrkina frá Hönnunarsjóði síðustu tvö ár og hef úr ýmsu að móða en það hefur hægst á öllu ferlinu. Maður vandar sig meira og hugsar öðruvísi um hvað maður er að gera og hvernig. Mér finnst þetta virkilega spennandi tímar og er afar þakklát fyrir að búa á Íslandi núna. Við listaspírur fáum oftast meiri sköpunarkraft í harðindum. Það hefur verið hollt að leita aðeins inn á við og endurskoða nálgun sína í sköpunarferlinu og fá tækifæri til að gera meiri rannsóknarvinnu. Túrístabúðirnar hafa bolað flestum hönnuðum úr miðbænum undanfarin ár, en ég er viss um að sjarmi grasrótariinn mun fljótt aftur setja lit á samfélagið. Ég vona svo sannarlega að við fáum stuðning til að blómstra á þessum erfiðu efnahagslegu

TÚRISTABÚÐIRNAR-HAFA BOLAÐ FLESTUM HÖNNUÐUM ÚR MIÐBÆNUM UNDFANFARIN ÁR, EN ÉG ER VISS UM AÐ SJARMI GRASRÓTARINNAR MUNI FLJÓTT AFTUR SETJA LIT Á SAMFÉLAGIÐ.

tímum, sem ég er ég viss um að við munum gera. Ég er full bjartsýni þótt á móti blási.

Ég er að framleiða mjög spennandi línu fyrir MYRKA sem ég hlakka til að koma í sölu á næstunni. Línan heitir Haze og er innblásin af hugmyndinni að dystopísku samfélagi þar sem manneskjan lifir með náttúrunni en ekki af henni. Áskoranir nútímans og kröfur um sjálfbærni leiða hönnuði í auknum mæli nær uppruna sínum og hvetja okkur til að vinna á skapandi hátt úr náttúrulegum og endurunnum hráefnum.“

Breyttir tímar hjá íslenskum hönnuðum

Kauphegðun Íslendinga er breytt í ljósi COVID-19 faraldursins. Fréttablaðið fékk íslenska hönnuði til segja frá því hver áhrifin hafa verið á sölu og hönnun þeirra.

Það er óneitanlega staðreynd að COVID-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á verslun hérlandis, enda er til þess ætlast að fólk sé ekki á óþarfa flakki. Verslunargötur og -miðstöðvar hafa staðið auðar að mestu leyti síðustu mánuði en líkur leiða að því að það muni breytast fljótlega. Breytt

ástand hefur þó nú þegar haft mikil áhrif á íslenska hönnuði sem vona þó margir að geta rétt úr kútnum og treysta á aukin kaup frá Íslendingum sjálfum í sumar, þá til að mynda í ljósi þess að fáir munu eiga leið til útlanda. Fréttablaðið fékk nokkra hönnuði til að segja frá áhrifum ástandsins á hönnun þeirra og sölu á henni. steingerdur@frettabladid.is



ARNAR LEÓ ÁGÚSTSSON

verslunarstjóri og einn af eigendum verslunarinnar og fastamerkisins CNTMP.

ÞETTA HEFUR HAFT MIKIL ÁHRIF Á ÞAU VERKEFNI SEM VORU Í GANGI NÚNA EN HEFUR EKKI HAFT ÁHRIF Á HÖNNUNINA SJÁLFA.

á okkur og rekstur búðarinnar. Sumir af okkar birgjum hafa þurft að finna sér nýja framleiðendur og eru því eingöngu að vinna í að halda merkinu sínu á floti.

Íslendingar munu koma til með að versla miklu meira við íslenskar verslanir núna þar sem ekki er vitað hvenær við megum fara til útlanda aftur en á móti kemur að það er erfiðara fyrir okkur að fá vörur frá birgjum okkar þar sem vöruflytningar erlendis frá hafa snarminnkað.

Þetta hefur haft mikil áhrif á þau verkefni sem voru í gangi núna en hefur ekki haft áhrif á hönnunina sjálfa.

Þetta hefur í raun gefið okkur meiri tíma til þess að einbeita okkur að hönnuninni.

Þegar einar dyr lokast þá opnast aðrar.“

MIKIL AUKNING Í NETSÖLUNNI

„Við erum búnir að færa okkur yfir á netið og ætlum að halda því áfram í óákveðinn tíma. Umferðin á netsíðunni okkar hefur aukist gríðarlega eftir að við lokuðum á Laugavegi 12. COVID-19 hefur haft mikil áhrif á rekstur búðarinnar og olli því að við lokuðum búðinni, einnig teljum við að lokun Lauga-

vegs og breytt akstursstefna á götunni hafi haft áhrif á reksturinn.“

Við erum í miklu sambandi við erlendu birgjana okkar en framleiðsla þeirra hefur orðið fyrir miklum óþægindum og seinkunum síðan COVID-19 skall á og hefur það auðvitað haft mikil áhrif



Vilji maður bera grímu er ekki verri að vera svalur eins og Darth Maul.



RAWRGWAWGGR! Tryggðu þér tveggja metra fjarlægð að hætti Loðins.



Svarthöfði gæti lamað Covid-19.



Mjá! Gopostore teflir kisum fram.

Grímulaus staðfesta í tiskuslysavörnum

Andlitsgrímutískan er lífleg á tímum farsóttarinnar en mögulega sóttvarnalækni að þakka eða um að kenna að grímurnar hafa ekki fest sig í sessi á Íslandi þrátt fyrir litadýrð og fjölbreytileika.

Þótt alls konar bábiljur og hindurvítni hafi gengið yfir þjóðina í stríðum klórmengudum straumum hafa andlitsgrímur ekki náð jafn almennri útbreiðslu og til dæmis handhægir sprittbrúsar og einnota hanskar í bláu og gráu.

Staðfesta Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalækni hefur mögulega ráðið miklu um að þjóðin ákvað að mæta COVID-ógninni grímulaus þannig að asískir og amerískir plágu-tískuþraumar hafa að mestu haldist í fylgihlutastötkví.

Þrátt fyrir næstum þráhyggjukenndan boðskap grímuloðbiista tókst sóttvarnalækni, ofan á allt annað, að afstýra tiskuslysi með reglulegum áminningum um að andlitsgrímur gætu framkallað falskt öryggi auk

þess sem andlitsgrímur geti orðið að gróðrarstíu fyrir alls konar óværu ef ekki er rétt að gerð þeirra staðið.

Boðskapur Þórólfs stöðvar þó vitaskuld ekki sveiflukenndan og þungan tiskunnar nið þannig að úrvalið og útfæslurnar á andlitshlífum á tímum kórónaveirunnar eru óneitanlega heillandi í litríkum fjölbreytileika sínum.

Fréttablaðið hefur áður sagt frá munúðarfullum andlitsgrímum frá versluninni Rokk&Rómantik sem eru þó þeirrar náttúru að þær eru líklegri til þess að kveikja losta en varna kórónasmíti. Ísdrottningin Ásdís Rán hjó síðan í sama tiskuknérunn með huggulegum blúndugrímum



sem hún áréttar að eru ekki allar þær sem þær sýnast og að undir gisnum blúndunum leynist tvöföld bómull.

Nörðar og dýravínir liggja ekki heldur óbættir hjá þessum sótt-hreinsuðu tiskupöllum þar sem úrvalið verður fjölbreyttara með hverjum degi og útlenskar sölusiður eins og icrossworld.com og gopostore.com verða stöðugt frekari til fjörsins á Facebook.

Nú þegar Íslendingar fagna því grímulaust að 4. maí er handan við hornið með langþráðum fyrstu tilslökunum á samkomubanninu fer eiginlega hver að verða síðastur til þess að geta látið eftir sér að spóka sig um kinnroðalaust með andlitsgrímu og auglýsa í leiðinni áhugamál sín og undirliggjandi kynþokka.

Pant vera Darth Maul! toti@frettabladid.is



Anna og Karlotta með grímur frá Rokk&Rómantik. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hippaást í hæfilegri fjarlægð er góð.



Þessi hittir í mark. Eða kannski ekki.



Grímurnar í Rokk&Rómantik eru munúðarfullar eins og búðin.

Eurovision-aðdáendur deyja ekki ráðalausir

Heitustu og hörðustu aðdáendur Eurovision-söngvakeppninnar eiga sitt eigið samheldna Evrópusamband, Organisation Générale des Amateurs de l'Eurovision, sem ætlar sér að leiða söngvakeppnina til lykta þetta árið þótt hún hafi í raun verið blásin af vegna COVID-19.

Meðlimir OGAE standa nú fyrir könnun um hvaða lag hefði verið í uppáhaldi ef keppnin hefði farið fram og Íslandsdeildin, Félag áhuga-fólks um söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, FÁSES, lætur edlilega ekki sitt eftir liggja.

„Það má kannski orða það þannig að það sé verið að finna sigurvegara þótt það verði enginn raunverulegur sigurvegari,“ segir Ísak Pálmason, gjaldkeri FÁSES, um leið og hann hvetur fólk til þess að taka þátt þar sem aldrei þessu vant hefur almenningur atkvæðisrétt. Ekki aðeins innviðgir og innmúraðir.

„Klúbbarnir hafa í mörg ár valið



Félagar í Fases fylgjast með bresku undankeppninni á Veður Bar fyrir tveimur árum. Almennileg Eurovision-partí eru bönnuð núna en mann-skapurinn heldur áfram gleðinni á samfélagsmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

EN VIÐ EUROVISION-ÁHUGAFÓLKID DEYJUM SKO EKKI RÁÐALAUS.

sitt uppáhaldslag og þetta er mjög stórt í Eurovision-heiminum,“ heldur Ívar áfram og bendir á að veðbankar horfi í venjulegu árferði mjög til álits þessa hóps.

Leynileg kosning fer fram hjá hverjum klúbba fyrir sig og niðurstöðunum er skilað OGAE International. „Klúbbarnir eru að taka sig saman um að gera meira úr þessu en hefur verið með því að reyna að fá atkvæði frá almenningi en hingað til hefur kosningin verið bundin við félagi,“ segir Ívar og eins og vera ber gilda atkvæði almennings helming á móti klúbbunum sem eru þá einhvers konar ígildi dómnefnda.

Símetkosning alþýðunnar Ívar segir netkosninguna þá þjóna eiginlegu hlutverki hefðbundnu

símakosningarinnar í Eurovision en allar frekari upplýsingar um framkvæmdina má finna á ogaernational.org.

„Við viljum hvetja Íslendinga til að taka þátt í „símakosningunni“ og hafa gaman með okkur aðdáendum,“ segir í útkalli FÁSES en kosningunni lýkur 3. maí klukkan 23.59 en niðurstöður kosningarinnar verða birtar í Eurovision-víkunni.

„Við erum að reyna að gera sameiginlegan vettvang til að fagna saman,“ segir Ívar. „Þetta er hópur sem hittist venjulega einu sinni á ári og þetta er eins og að mæta á ættarmót og það náttúrulega sakna þess allir að geta hist og talað um Eurovision, en við Eurovision-áhugafólkið deyjum sko ekki ráðalaus og hittumst bara á Zoom, YouTube og Twitter,“ segir Ívar og þar með liggur fyrir hvar Eurovision-partíin 2020 verða haldin.

toti@frettabladid.is

Nýtir fordæmalausar tíma í frekari tónsmíðar

Tónlistarmaðurinn **Magnús Thorlacius** gaf út lagið *Skyline* nú á dögnum undir listamanns-nafninu Myrkvi. Lagið fjallar um erfið endalok sambands en í dag er Magnús hamingjusamur með kærustu sinni Freydísi og kettinum Stefáni Thorlacius.

Nú fyrir helgi kom út lagið *Skyline* með tónlistarmanninum Magnúsi Thorlacius, sem gengur undir listamannsnafninu Myrkvi. Þetta er annað sólólag Magnúsar, en lagið Sér um sig eftir hann naut vinsælda á helstu útvarpsrásum landsins. Magnús stefnir ótraudur á útgáfu sinnar fyrstu sólóplötu í haust.

„*Skyline* fjallar um endalok stutts sambands sem ég átti í fyrir nokkrum árum. Það gekk eiginlega ekki beint glæsilega og varð ekki langlíft, en á þeim tíma var ég búinn að vera einmana frekar lengi. Ég var langt frá mínum besta stað svo þetta var smá högg. Eins og svo oft með fyrstu plötu eru lögín misgömul og ákveðinn suðupottur af eldri lögum. Ég samdi laglínuna á meðan á sambandinu stóð og kláraði svo textann og lagið eftir að því lauk. En í dag á ég yndislega kærustu, saman eigum við köttinn Stefán Thorlacius og mér líður mjög vel,“ segir Magnús glaður í bragði.

Sigrðu Músiktilraunir

Í grunnskóla æfði Magnús á fíðlu en segir að með tímanum hafi gítarinn tekið yfir og átt allan hans áhuga.

„Frá því að ég færði mig yfir í gítarinn hef ég alltaf haft skemmtilegast af því að semja og spila eigið efni. Ég var samt ekkert að deila því með neinum fyrr en ég kom öllum í kringum mig á óvart og sagðist ætla að taka þátt í Músiktilraunum árið 2014 með hljómsveitinni Vio.



Magnús segir köttinn Stefán Thorlacius sátan og yfir sig ánægðan með að hafa eigendurna meira heima fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég held að enginn hafi átt von á að við myndum vinna, fólk var held ég frekar stressað fyrir mína hönd um að þetta yrði eitthvað agalegt hjá mér. Allar götur síðan hefur tónlistin verið manni efst í huga og maður sem betur fer hefur haft nóg í henni að snúast,“ segir hann. Hann segist ekki hafa verið viss um áframhaldandi tónlistargerð hefði gengið illa í keppninni.

„Það hefði verið ómurlagt því þetta er sú ástriða sem ég brenn fyrir. Við spiludum mjög mikið í kjölfarið og komum strax með okkar fyrstu plötu sama ár. Ég átti þá til góðan forða til af lögum sem ég hafði samið og við gátum gengið beint í. Við spiludum mjög mikið í kjölfarið, sérstaklega hérlendis, sem var frábært upp á að öðlast góða reynslu í að koma fram enda hafði ég aldrei gert það áður af viti. Það hefur verið smá lægð hjá Vio síðustu misseri en við erum enn starfandi. Önnur breiðskífan okkar er væntanleg og verður mikil bomba.“

Tók við verðlaunum frá Jónsa

Magnús var valin besti söngvarinn á Músiktilraunum.

„Já, ég var bara mjög hissa. Ég

SKYLINE FJALLAR UM ENDALOK STUTTS SAMBANDS SEM ÉG ÁTTI Í FYRIR NOKKRUM ÁRUM. ÞAÐ GEKK EIGINLEGA EKKI BEINT GLÆSILEGA OG VARÐ EKKI LANGLÍFT, EN Á ÞEIM TÍMA VAR ÉG BÚINN AÐ VERA EINMANA FREKAR LENGI.

hafði alltaf staðið í þeirri trú að allir gætu sungið og fannst því minn söngur ekkert merkilegur. Mér datt ekki hug að einhverjum fyndist ég bera af á því sviði. Svo var Jónsi í Sigur Rós að veita þau verðlaun sem gerði stundina enn surrealískari. Beint eftir á var mér bent á að segja eitthvað við salinn en mér datt auðvitað ekkert í hug,“ segir hann. En hvaðan kemur nafnið Myrkvi?

„Ég hafði upphaflega hugsað mér að gefa út sólóefni undir skírnanafninu mínu enda lendum við reglulega í smá nafnavesni hjá Vio. Núna um daginn kom inn á Spotify síðuna okkar, og New Friday Music Iceland playlistann, lag með

tyrkneskum rappara sem kallar sig Vio. Síðan snerist mér hugur enda Magnús Thorlacius ekkert sérstaklega einstakt nafn. Ég á til dæmis frænda með sama nafni sem er líka í tónlist. Þá var bara flett upp í orðabókinni undir M og þetta greip mig strax. Ég var líka einhvern tímann búinn að punkta það hjá mér fyrir löngu síðan. Mér finnst það ná vel utan um tónlistina mína þó flestir tengi þetta reyndar við metal-senuna. Ég myndi segja að nafnið sé norrænt og dimmt, samt fallett. Svo er fínt að það er jafnlangt orð og Magnús og án séríslenskra stafa.“ Magnús er í hlutastarfi á Borgarbókasafninu og hefur sem betur fer ekki þurft að minnka starfshlutfall.

„Ég mæti þangað á óbreyttum tímum. Störfin þar hafa þó vissulega breyst á meðan sófnin hafa verið lokuð almenningi en þau á að opna á ný núna þann stóra fjórða. Síðan á ég afmæli bráðum og við kærastan ætlum að skella okkur á hótél innanlands í tilefni þess,“ segir Magnús.

Stefnir á tónleikaferðalag

Kærasta Stefáns vinnur heima og segir Magnús köttinn Stefán hæst-

ánægðan með sitt hlutskipti.

„Við erum öll svolitlir „introvertar“ svo faraldurinn hefur eflaust bitnað verr á mörgum öðrum. Ég var svo heppinn að ná að halda mjög vel heppnaða tónleika í Iðnó með Ceasetone og Andy Svarthol sama dag og fyrsta smitið greindist hérlendis. Fram undan var einmitt á döfinni hjá mér að semja, taka upp og undirbúa útgáfu smáskífna og fyrstu plötunnar. Stefnan var sett á að taka tús erlendis í haust og spila heima eins og hægt væri í sumar. Ef túrinn gengur eftir er líklegast eina breytingin á mínum plönunum að spila á færri tónleikum heima í sumar,“ segir hann. Er einhvern innblástur að fá frá þessum fordæmalausum tímum? „Já, já, það er alltaf eitthvað að gerast í hausnum á manni þó maður sitji kyrr. Fyrir mig skiptir langmestu máli að hafa tíma og ekkert annað að gera þegar ég er að semja svo ég myndi segja að þessi tími henti ágætlega til þess. Annars fær maður eflaust innblástur frá öllu í kringum sig og útkoman eftir því.“

Lagið *Skyline* er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum. steingerdur@frettabladid.is

BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bíblað landsins kemur út þriðjudaginn **5. maí** næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Njáll Gunnlaugsson.

Tryggðu þér pláss í mest lesna blaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Atli Bergmann, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5657 / atli@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

ht.is

18. APRÍL – 3. MAÍ

HEIMILISTÆKJA DAGAR



SENDUM HEIM UM
ALLT LAND!

ÞÚ FINNUR
ÖLL TILBOÐIN Á
HT.IS



20-40% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM STÆRRI HEIMILISTÆKJUM



Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · AKRANES



BAKÞANKAR

Hauks Arnar
Birgissonar



May the fourth be with you

Það er vika til stefnu, aðeins ein vika! Það er engu líkara en að aðfangadagur sé að renna upp, spennan er svo mikil og áþreifanleg. Þótt við getum langt í frá sleppt fram af okkur beislinu þá öðlumst við aðeins meira frelsi. Lífið verður aðeins meira venjulegt – örlítið líkara því sem áður var.

Allir hljóta nú að sjá hversu dýrmætt það er að geta gert það sem maður vill, farið þangað sem hugurinn leitar – þegar maður vill. Ef undanfarnar vikur hafa kennt okkur eitthvað, þá er það að meta hversdagsleikann og alla litlu hlutina sem voru okkur sjálfsagðir.

Konur munu geta fagnað því að ofvaxnar augabrúnir og náttúrulegur hárlitur þeirra fá aldrei aftur að líta dagsins ljós. Þá fagna þær því að eiginmenn þeirra hætta tilraunastarfsemi með misljótan skeggvöxt. Karlar blóta því sama. Foreldrar losna við börnin sín af heimilinu, sem loks komast í leikskólann og á íþróttæfingar. Íþróttafréttamenn geta næstum því lýst íþróttakappleikjum – verða að láta sér nægja beinar útsendingar af reitabolta og skotæfingum í bili, sem er þó framför.

Stjórnmalamenn þurfa að hætta að misnota ástandið til að afla populískum hugmyndum sínum fylgi. Kylfingar mega aftur nota ruslafötur á golfvöllum. Súrdeigsmæður um allt land hætta að ala eingetin súrbörn í eldhúsum – einhver önnur matargerð kemst í tísku. Miðaldra fólk hættir að stofna Twitter reikninga til þess eins að komast í stofuna hjá Helga Björns. Þjóðaröryggisráð hættir að sortera fjölmiðla eftir áreiðanleika og fólk fær að beita eigin hugsun við lestur fjölmiðla.

Þann 4. maí fögnum við frelsinu og auðvitað alþjóðlega Star Wars deginum. Gleðilegt sumar.



VAXTALAUSAR
12
mán
GREIÐSLUR

FRÍR
FLUTNINGUR*
UM ALLT LAND
*NEMA ÚTSÖLUVÖRUR

KYNNTU ÞÉR VÖRUÚRVALIÐ
OG VERSLAÐU Í RÓLEGHEITUM
Á SVEFNOGHEILSA.IS

VEFVERSLUN
svefnogheilsa.is

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

NÝ SENDING AF SÆNGUM
BY BRINKHAUS



ÚRVAL AF SÓFUM
OG HVÍLDARSTÓLUM



PRESTON
Svefnsófi
Verð áður kr.-249.900
NÚ AÐEINS KR. 224.910

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS
AF HEILSUDÝNUM



Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/ella breytingar.

20-50%
AFSLÁTTUR

NÝTT OUTLET

Gerðu frábær kaup

20-50%
AFSLÁTTUR




Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

Svefn & heilsa



BALDURSNESS 6 - AKUREYRI



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK



LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK



UM FJÖRÐUNGUR LANDSMANNA
SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSA*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233 | BALDURSNESSI 6, AKUREYRI s. 461 1150 | OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16
UMBODSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

ARIZONA
500 ML
299
KR/STK
598 KR/L



Kvikk
ON THE GO

